



## Velkomin í nýtt útibú Íslandsbanka

Við erum þar sem þú ert



### Íslandsbankaappið

Öll almenn bankþjónusta.



### Kass

Borga, rukka og splitta.



### Kreditkort



Allt um kortið á einum stað.



Kynntu þér stafrænar lausnir og  
náðu í öppin á [islandsbanki.is/app](http://islandsbanki.is/app)



# Við erum þar sem þú ert



## Íslandsbankaappið

Sinntu öllum þínum helstu bankaviðskiptum.

### Með appinu getur þú:

- Millifært
- Greitt alla reikninga í einu eða á eindaga
- Sótt um yfirdrátt, hækkað eða lækkað yfirdráttinn
- Séð yfirlit og stöðu reikninga og kreditkorta
- Séð verðbréfafirlit
- Virkjað tilboð í Fríðu – fríðindakerfi Íslandsbanka
- Séð myntbreytu og gengi gjaldmiðla
- Fyllt á GSM
- Greitt inn á kreditkort



## Kass

Einfaldari leið til þess að borga, rukka og splitta.

### Með appinu getur þú:

- Borgað og rukkað á einfaldan hátt
- Splittað kostnaði og látið Kass reikna fyrir þig
- Sent áminningu á þá sem þú rukkar
- Stofnað viðburði
- Millifært á notanda eða símanúmer
- Borgað beint á netinu til samstarfsaðila

Kass er fyrir alla, óháð viðskiptabanka.



Kröfugöngur og baráttufundur voru fjölmennir víða um land í tilefni á alþjóðlega baráttudegi verkalyðsins í gær. Við Ingólfstorg í Reykjavík var fjölmenni sem hlýddi á vígreifa verkalyðsforingja stála hnifa sína og leggja línurnar fyrir komandi átök, sem allir virðast sammála um að verði hörd. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, boðar breyttar og róttækar aðferðir til að ná fram kjarabót á meðan Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, varar við byltingaleiðinni sem sögulega hafi leit kjarabaráttuna í ögöngur og skert líf skjör. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Ríkið fellur að hluta frá forkaupsrétti

Ríkið fellur tímabundið frá forkaupsrétti að bréfum Kaupþings í Arion upp að ákveðnum hluta við útboð bankans. Kaupþing gæti þurft að greiða ríkinu mismuninn ef útboðsgengið verður undir 0,8. Hlutfjárútboð og skráning bankans verður í júní.

**VIÐSKIPTI** Ríkið mun falla að hluta frá forkaupsrétti sínum að bréfum Kaupþings í Arion banka, sem virkjust að öðrum kosti ef þau eru seld á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé, upp að ákveðnum eignarhluta og í tiltekinn tíma þegar ráðist verður í hlutfjárútboð og skráningu bankans, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Slík aðlögun á forkaupsréttinum hefur verið talin nauðsynleg til að tryggja góðan framgang útboðsins.

Annars er talin hætta á því að hann myndi valda óvissu og draga úr þáttöku fjárfesta í útboðinu og þá um leið aftra því að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram.

Ríkið verður þó áfram með forkaupsrétt að þeim hluta sem ekki selst í útboðinu og verður enn í eigu Kaupþings eftir skráningu bankans. Kaupþing mun að líkindum selja minni eignarhlut en ella í fyrsta kasti í útboðinu, mögulega í kringum 30 prósent hlut, en félagið

# 55

milljarðar myndu fást ef 30 prósent hlutur í Arion seldist á genginu 0,8.

á samtals 55,6 prósent í bankanum.

Samkomulag við stjórnvöld um endurskoðun á forkaupsréttinum hefur verið á meðal þess sem helst

hefur staðið í vegi fyrir margboðuðu útboði Arion banka. Áformað er að tilkynna um að formlegt útboðsferli sé hafið, mögulega strax í næstu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sjálft útboðið, og í framhaldi tvíhliða skráning bankans á Íslandi og í Svíþjóð, færi þá fram á fyrri helmingi júnímánaðar.

Af hálfu stjórnvalda kemur einnig til greina að Kaupþingi verði gert að greiða ríkinu mismuninn ef sölugengið í útboðinu á þeim bréfum.

sem ríkið mun falla frá forkaupsrétti sínum að verður lægra en 0,8. Kaupþing ábyrgist þannig að sú fjárhæð sem ríkið fær verði aldrei lægri en sem það fengi í sinn hlut miðað við sölu bréfa á genginu 0,8 í útboðinu. Ráðherranefnd um efnahagsmál ræddi málið á fundi sínum í fyrradag, samkvæmt heimildum, en ekki hefur náðst endanlegt samkomulag um þetta atriði í viðræðum fulltrúa stjórnvalda og Kaupþings.

— hae / sjá Markaðinn

## Fötin klár degi fyrir brottför

**LÍFIÐ** Fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir hannar fötin sem íslenski Eurovision hópurinn mun klæðast í Lissabon. Ýr segir að hún hafi þurft að vinna hratt og örugglega enda lítill tími sem hún fékk. „Ég fékk tiltölulega frjálstar hendur við úrvinnsluna á búningunum sem er alveg æðislegt.“



Hópurinn breytti atriðinu tveimur dögum áður en hann hélt til Portúgals sem varð til þess að fötin sem Vignir og Gunnar voru í pössuðu ekki alveg

inn í myndina. „Ég þurfti aldeilis að spýta í lófana til þess að þetta myndi allt saman ganga upp, sem það rétt svo gæði.“ — bb / Sjá síðu 26

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, skrifar um að styrkja fjölskyldur og börn í áhættu. **10**

**SPORT** Góðar líkur á markaleik í Rómaborg. **12**

**MENNING** Þegar Mozart var drepinn og Sálarinna svörtu göng: tónlistar- og leikhúsdómar. **20**

**LÍFIÐ** Ímynduð sjónvarpsdagskrá næsta hausts. **24**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • MARKAÐURINN

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Veður



Suðlægar áttir í dag og dálítill el um landið vestanvert. Slydda eða rigning austan til en styttr upp í kvöld. Fremur svalt í veðri. **SJÁ SIÐU 16**

## Kynnti Facebook Dating til leiks

**TÆKNI** Facebook heldur áfram að vaxa og í gær tilkynnti Mark Zuckerberg, forstjóri og stofnandi, að á næstunni myndi fyrir-tækið setja í loftið stefnumótasiðu fyrir samfélagsmiðilinn og hefur hún fengið nafnið Facebook Dating.



Mikill fjöldi stefnumótasiða, sú þekktasta vafalaust Tinder, er nú þegar á markaði og í ljósi sögunnar má ætla að Zuckerberg ætli sér að sækja grímt á einhleypa neytendur. Forstjórinn tilkynnti um hina nýju þjónustu á F8 ráðstefnunni, sem þúsundir forritara Facebook sækja, í gær og sagði valfrjálst hvort notendur miðilsins nýttu sér Dating-þjónustuna. Þá sagði hann að Dating myndi ekki reyna að tengja notendur við fólk sem væri nú þegar á Facebook-vinalista þeirra. Ekki liggur fyrir hvernær Facebook Dating fer í loftið. – þea

## Flugunni kastað



Þessi herramaður kastaði flugu sinni í gríð og erg og reyndi að fá fisk til þess að bíta á þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Ef til vill var veiðimaðurinn nýkominn úr kröfugöngu, enda 1. maí í gær. Vorveiðitímabilið hófst í Elliðaánum í gær og stendur það yfir til 15. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Gunnar Smári Egilsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Sanna og Arnþór leiða sósíalista

**KOSNINGAR** Sanna Magdalena Mörtudóttir námsmaður leiðir lista Sósíalistaflokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Á eftir henni koma tveir nýkjörnir stjórnarmenn í stéttarfélaginu Eflingu, þau Daníel Örn Arnarsson og Magdalena Kwiatkowska.

Flokkurinn kynnti framboðslista sína í Reykjavík og Kópavogi í Tjarnarvíði í gær.

Í Kópavogi mun Arnþór Sigurðsson, kjötiðnaðarmaður og stjórnarmaður í VR, leiða listann, með Maríu

Pétursdóttur og Rúnar Einarsson í sætunum þar fyrir neðan.

Gunnar Smári Egilsson, formaður Sósíalistaflokksins, segir listana samanstanda af baráttufólki fyrir hagsmunum láglaunafólks, leigjenda, öryrkja, lífeyrisþega, fátækra og annarra hópa sem haldið hefur verið frá völdum. „Helsta erindi framboðsins er krafa um að hin verr settu fái komist til valda, að borgin byggji húsnæði þar til húsnæðiskreppan er leyst og að Reykjavíkurborg greiði fólki mann-sæmandi laun.“ – smj

## Boðar skæruverkföll sem munu bíta fast

Verkalýðsforingjar um land allt vígreifir í ræðum sínum á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins. Formaður VR boðar baráttu sem ekki hefur sést í áratugi og verkföll minni hópa í stað allsherjarverkfalla. Formaður BSRB segir þolinmæði gagnvart ofurlaunum á þrotum. Forseti ASÍ varar við byltingasínum.

**KJARAMÁL** „Við sendum smærri hópa í verkföll á fullum launum fyrir fjármagnstekjur af sjóðunum okkar og við munum gera það þar sem það bitur mest,“ sagði Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, í 1. maí ræðu sinni í gær, á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins. Verkalýðsforingjar um land allt kynntu baráttumál sín og boðuðu hörð átök í komandi kjarasamningum.

Formaður stærsta verkalýðsfélags landsins, Ragnar Þór, boðar baráttu sem ekki hefur sést í áratugi. Í félagi við Eflingu, Verkalýðsfélag Akraness og Framsýn verði teiknaður upp samfélagssáttmáli til þriggja til fjögurra ára. En sú sátt verði stjórnvöldum og atvinnulífnum ekki gefins.

Ragnar Þór boðar skæru, kerfisbundin verkföll minni hópa í stað úreltra allsherjarverkfalla.

„Það þarf að loka stofnunum ef þær eru ekki ræstar í þrjá daga. Það er hægt að loka uppskipun með því einu að senda nokkra tugi manns í verkfall á fullum launum. Það eru fleiri en flugmenn og flugvirkjar sem geta lamað hér flugsamgöngur,“ sagði Ragnar Þór vígreifur.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, ávarpaði baráttufund verkalýðsfélaga í Reykjanæsbæ, þar sem hún talaði fyrir styttri vinnuviku, útrýmingu kynbundins launamunar og að samtök launafólks tækju afstöðu gegn auknum ójöfnuði. Elín Björg sagði einnig að þolinmæði gagnvart ofurlaunum væri þrotin og gagnrýndi hræsnina sem felist í því að alltaf skuli vera hægt að hækka hæstu laun stjórnenda meðan svigrúm til að hækka lægstu launin finnst aldrei.



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, boðar nýja nálgun og aðferðir í komandi baráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, tók undir með styttingu vinnuvikunnar í ræðu sinni á Ingólfstorgi í gær en lagði áherslu á kjör kvennastétta. Barátta ljósmæðra undanfarið hefur verið hörð og sagði Þórunn almenning forviða á deilunni.

„Við viljum að kvennastéttunum sem bera uppi menntun og heilbrigði landsmanna séu greidd laun sem endurspegla raunveru-

legt virði starfanna. Þjóðaráttak til að lyfta kvennastéttum kann að vera það eina sem dugur í stöðunni.“

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, varaði við því að horfið yrði aftur til gömlu byltingaleiðarinnar sem sögulega hefði leitt kjarabaráttuna í ógöngur. Í ávarpi sínu talaði Gylfi fyrir umbótaleiðinni sem unnin hefði verið eftir frá tíunda áratug síðustu aldar.

„Gömlu aðferðirnar voru ekki að skila neinum varanlegum árangri,“ sagði Gylfi og sagði lífskjör Íslendinga hafa batnað umtalsvert meira á seinna tímabilinu. Hins vegar hafi stjórnvöld stolið þeim árangri af þeim lægst launuðu. mikael@frettabladid.is

## Varmadælar &amp; loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælar á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk

Midea MOB12

Max 4,92 kW

2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44) f. íbúð ca 60m<sup>2</sup>.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

# ÚRSLIT RÁÐAST Í KVÖLD!

## SKÓLAHREYSTI

Úrslit ráðast í Skólahreysti í kvöld þegar tólf grunnskólar keppa til sigurs í Laugardalshöll. Úrslitaskólarnir eru Brekkuskóli, grunnskólarnir á Suðureyri og í Súðavík, Grunnskóli Hornafjarðar, Grunnskóli Húnaþings vestra, Grunnskólinn á Hellu, Heiðarskóli Reykjanesbæ, Holtaskóli, Laugalækjarskóli, Lindaskóli, Varmahlíðarskóli, Varmárskóli og Ölduselsskóli. Það er ókeypis inn og við hvetjum alla til að mæta og styðja skólann sinn. Keppnin verður sýnd í beinni útsendingu á RÚV kl. 20:00.

 /skolahreysti

 #skolahreysti



SKÓLAHREYSTI ER Í BÖÐI LANDSBANKANS



# Tollar á pitsu, pasta og súkkulaði felldir niður

**VIÐSKIPTI** Nýr tollasamningur Íslands og Evrópusambandsins (ESB), sem gerður var haustið 2015, tók gildi í gær.

Samningurinn hefur í för með sér að tollar á hinum ýmsu matvörum frá ríkjum Evrópusambandsins lækka eða falla niður, frá og með deginum í gær. Samningurinn hefur einnig í för með sér viðbótarfríðindi í viðskiptum með landbúnaðarvörur og

» **Það mun taka einhvern tíma fyrir verðlækkanirnar að koma fram.**

snýr að viðurkenningu og vernd landfræðilegra merkinga á landbúnaðarafurðum.

Samningarnir fela í sér að

Ísland fellir niður tolla á yfir 340 nýjum tollskránum og lækkar tolla á yfir 20 öðrum. Almenn gerir Evrópusambandið slíkt hið sama. Tollar á ýmsa vöruflokka falla niður, svo sem á pitsur, fyllt pasta, ýmsar súkkulaðivörur og kex. Oftast er um magntolla að ræða, fasta krónutölu sem leggst ofan á hvert kíló viðkomandi vöru.

Samningurinn felur einnig í sér

að allir tollar á unnar matvörur eru felldir niður nema á jógurt.

Fréttablaðið greindi frá þessu um miðjan síðasta mánuð og hafði eftir Ólafi Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, að vörurnar myndu lækka eftir tollabreytinguna, en lækkunin verði þó í einhverjum tilvikum ekki mikil. Hann benti einnig á að það taki tíma fyrir verðlækkanir að koma fram. – bsp



Tollar á fyllt pasta hafa verið felldir niður. NORDICPHOTOS/GETTY

## Konráð kærir ritsóða

**SAMFÉLAG** „Það sem má skilja sem augljósan vilja til að ráða mér bana hikaði ég ekki við að senda á lög-reglu með kær. Annað er eitthvað sem fólk verður bara að eiga við sjálft sig,“ segir Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, sem fékk yfir sig svívirðingar og hótanir í kjölfar greinaskrifna í síðustu viku.

Greinin sem fór yfir brjóstið á mörgum bar yfirskriftina Hálaunalandið Ísland en í henni fjallar Konráð meðal annars um að laun á Íslandi séu með þeim hæstu sem gerist í heiminum og óvía séu þau jafnari. Í samtali við Fréttablaðið.is kvaðst Konráð ekki skilja af hverju fólk væri svo ósátt við greinina.

Hótanir og svívirðingar birtust meðal annars í athugasemdakerfum netmiðla en bárust Konráði einnig í einkaskilaboðum. Þar var meðal annars lagt til að hann yrði dreginn út á Austurvöll og skotinn í beinni útsendingu. – la



Konráð S. Guðjónsson.

## Ætla að keppa við YouTube

**TÆKNI** Disney-samsteypan tilkynnti í gær að fyrirtækið myndi setja í loftið nýja og gjaldfrjálsa myndbandaveitu í sumar.

Veitunni er ætlað að vera í beinni samkeppni við YouTube um auglýsingatekjur. Öfugt við YouTube verður hverjum sem er ekki leyft að hlada inn eigin myndböndum heldur sjá Disney og samstarfsaðilar um það.

Disney sagði auglýsendur getu treyst á að auglýsingar sínar birtust við „örugg“ myndbönd. YouTube hefur hins vegar staðið í ströngu þar sem auglýsingar hafa birst við vafasöm myndbönd. – þea

# Hefur áhyggjur af velferð og réttindum fólks í ferðapjónustu

Formaður Framsýnar á Húsavík segist sjá alvarleg brot í íslenskri ferðapjónustu. Starfsmenn hér á landi fá laun sín greidd á erlenda reikninga fram hjá kjarasamningum og skattskilum hér á landi. „Það er fullt tilefni til að hafa áhyggjur.“ Upplýsingafulltrúi SAF segir undirboð á vinnumarkaði ólíðandi.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélag í Þingeyjarsýslum, segir dæmi um það að einstaklingar í vinnu í ferðapjónustu séu ekki einu sinni skráðir starfsmenn hér á landi heldur fari laun þeirra í gegnum reikninga erlendis. Kjarasamningar eru því virtir að vettugi og erfitt fyrir stéttarfélagin að finna þessa starfsmenn.

„Það er fullt tilefni til að hafa áhyggjur af velferð fólks í ferðapjónustu, kjötvinnslum og sláturhúsum og við akstur hópferðabifreiða eins og staðan er í dag,“ segir Aðalsteinn Árni.

Um 3.000 fyrirtæki starfa í ferðapjónustu hér á landi og eru um 400 þeirra innan vébanda SAF. Greinin hefur vaxið mikið á síðustu árum og er nú orðin ein af undirstöðu- atvinnugreinum þjóðarinnar. Upplýsingafulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) segir ólíðandi að heiðarleg fyrirtæki þurfi að keppa við aðra sem stundi grímulast undirboð á vinnumarkaði.

„Það er alveg ljóst að við hjá SAF liðum það ekki ef fyrirtæki virða ekki gerða kjarasamninga hér á landi og skili ekki sköttum og skyldum eins og vera ber. Við þekkjum ekki þessi dæmi sem nefnd eru til sögunnar en höfum heyrt þessa umræðu,“ segir Skapti Ólafsson, upplýsingafulltrúi SAF. „Innan okkar vébanda starfa fyrirtæki með löglegan og heiðarlegan rekstur og óforsvaranlegt með öllu fyrir þau fyrirtæki að þurfa að keppa við aðra sem stunda undirboð á vinnumarkaði. Hér gilda kjarasamningar sem menn þurfa að fara eftir.“



Um 3.000 fyrirtæki starfa í ferðapjónustu hér á landi en 400 eru innan vébanda SAF. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Aðalsteinn Árni Baldursson.

Skattrannsóknarstjóri hefur áður greint frá því að dæmi séu um að fyrirtæki hér noti posa frá erlendum fyrirtækjum og greiðslur fari þá í gegnum erlenda færsluhirða og inn á erlenda bankareikninga. Þannig komist menn undan skatti hér á landi. „Við erum að sjá það sama

með erlenda vinnuaflíð,“ segir Aðalsteinn Árni. „Greiðslan kemur aldrei til landsins og launin eru greidd á erlenda reikning erlendis frá.“

Fyrir liggur á þingi lagabreytingartillaga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands. Snýr lagabreytingin að keðjuábyrgð fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Að mati Aðalsteins Árna þarf þessi breytingartillaga að ganga lengra. „Að mati okkar gengur frumvarpið því miður of skammt þar sem keðjuábyrgðin er einungis bundin við

byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð,“ segir Aðalsteinn Árni.

„Þegar frumvarpið kom fyrst fagnaði maður. Hins vegar hefur svo margt breyst,“ segir Aðalsteinn Árni. Ferðapjónustan hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum og því fylgja vaxtarverkir. „Við erum að sjá mjög alvarleg brot í ferðapjónustunni og búin að upplifa helling í mannvirkjagerð. Það liggur við að maður hafi þurft að hafa með sér lífvörð þegar maður hefur verið að taka á þessum erlendu fyrirtækjum,“ bætir Aðalsteinn Árni við.

sveinna@frettabladid.is

## Tveir danskir ráðherrar hætta

**DANMÖRK** Tveir ráðherrar í minnihlutastjórn Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, tilkynntu í gær að þeir ætluðu að stíga til hliðar.

Berlingske greindi frá því að Søren Pind, ráðherra vísinda, tækni, upplýsingamála og framhaldsmenntunar, láti samstundis af störfum. Þá greindi Esben Lunde Larsen umhverfisráðherra frá því á Facebook-síðu sinni að hann muni hætta um leið og Venstre, flokkur Larsens, Pinds og Rasmussens, finnur nýjan ráðherra í hans stað.

Pind sagði sömuleiðis, í viðtali við Berlingske, að hann væri hætturnar á þingi. Hann hafi barist af öllum mætti fyrir því sem hann tryði á undanfarin ár. „Ég hef notað alla mína krafta og finn ekki lengur fyrir því hungri sem þarf,“ sagði Pind.

Þótt Larsen ætli að hætta í ráðuneyti sínu ætlar hann, öfugt við Pind, að sitja áfram á þingi fram



Søren Pind, fráfarandi ráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

að næstu kosningum. Hann mun þó ekki sækjast eftir endurkjöri. Næstu kosningar eiga að fara fram

2019 og mælist Jafnaðarmannaflokkurinn stærstur í öllum könnunum. – þea

**SUMARTILBOÐ**  
**KING KOIL ALPINE FIRM**

Hágæða amerískt heilsurúm með millistífu fimmsvæðaskiptu pokagormakerfi, stífum toppi og steyptum köntum, ásamt botni og fótum.

Stærðir King (193x203 cm) eða Cal King (183x213 cm)

**FULLT VERÐ 355.765 kr.**

SUMARTILBOÐ  
**18.816 kr.**  
á mánuði\*  
og fyrstu afborgun í ágúst.  
Staðgreitt 213.459 kr.

**rekkjan**  
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955  
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

Völuteigi 19  
Mosfellsbæ  
Sími 660 0038



Opið virka daga kl. 12-18:30  
Laugardag kl. 12-16  
**Takmarkað magn!**

# RISA

## 2.-5. maí

# LAGERSPRENGJA

# 20-70%



afsláttur af **skiptidýnum**,  
eldri gerðum, útlitsgölluðum  
dýnum, **stillanlegum rúmum**,  
**hvíldarstólum**, sófum,  
koddum, lökum í 80, 90  
og 153 cm o.fl.



Hvíldarstólar



Hvíldarstólar



Sófar



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Frábær tilboð í verslun  
meðan á lagersölu stendur

**12** mán.  
vaxtalaugar  
greiðslur\*

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Fimm stjörnu verslun  
Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ  
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30  
**Laugardag 12:00 - 16:00**

\*3.5% lántökugjald

## Spá minnkandi iPhone-sölu

**TÆKNI** Apple sér í fyrsta sinn fram á samdrátt í sölu iPhone-snjallsíma í Bandaríkjunum. Þetta sögðu greinendur sem tæknifréttsíðan Cnet ræddi við í gær og töldu þeir jafnframt að nýjasta símanum í vörulínunni, iPhone X, væri um að kenna.

Þetta er þveröfugt við þær spár sem settar voru fram þegar síminn var fyrst kynntur. Þótti greinendum þá líklegt að ný hönnun iPhone X „væri framtíðin“. Vonast var til þess að iPhone X myndi drífa staðnandi snjallsímamarkað áfram en markaðurinn minnkaði í fyrsta sinn á síðasta ársfjórðungi 2017.

„Það verður augljósara með hverjum deginum að Apple á við vaxtarverki að

striða. Fyrirtækið er fórnarlamb eigin velgengi,“ sagði Andrew Uerkwitz, greinandi hjá fjárfestingarbankanum Oppenheimer. Sagði jafnframt að sala á Apple Watch, AirPods og Apple Music hafi valdið vonbrigðum.

Undanfarna daga hafa birgjar Apple, til að mynda Samsung, TSMC, AMS og SK Hynix, er sjá fyrirtækinu fyrir íhlutum í iPhone-símana, talað um minnkandi eftirspurn. Þykir greinendum það benda til þess að Apple sé að draga úr framleiðslu iPhone X. – þea



**iPhone X er einkar laglegur sími, en Apple virðist vera í vandræðum með að koma honum í hendur neytenda.**

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### FUNDARBOÐ

#### Aðalfundur MS-félags Íslands



Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn miðvikudaginn 16. maí

kl. 17:00 í MS-húsinu að Sléttuvegi 5 í Reykjavík.

Húsið opnar kl. 16:30.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Vinsamlegast athugið að framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund og jafnframt að atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir fundinn. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins [www.msfelag.is](http://www.msfelag.is) Veitingar í boði félagsins. Hvetjum félagsmenn að mæta!

Virðingarfyllst,  
Stjórni MS-félags Íslands

## EES-samningurinn og samskipti ESB við nánustu nágrannaríkin

Fimmtudaginn 3. maí kl. 12:00-13:30 í Norræna húsinu

Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og sendinefndar ESB á Íslandi

Á fundinum verður samband ESB við nánustu nágrannaríki skoðað; hvað er sameiginlegt, hvað er ólíkt og litið verður til áskorana og framtíðarþróunar í þessum efnunum.

Angelina Eichhorst, varaframkvæmdastjóri innan utanríkisþjónustu ESB, og forstöðumaður fyrir málefni Vestur-Evrópu (þ.m.t. EFTA), Vestur-Balkanskaga og Tyrkland



Angelina Eichhorst

#### PALLBORÐSUMRÆÐUR:

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri-grænna, Dóra Sif Tynes, lögmaður og Smári McCarthy, þingmaður Pírata

Fundarstjóri: Davíð Þór Björgvinsson, rannsóknaprófessor við lagadeild Háskóla Íslands

Fundurinn fer fram á ensku og er opinn öllum.

Nánari upplýsingar: [www.ams.hi.is](http://www.ams.hi.is)

Alþjóðamálastofnun á Facebook: [www.facebook.com/althjodamalistofnun](https://www.facebook.com/althjodamalistofnun)



## Kúbverjar fagna 1. maí



Baráttudegi verkalyðsins var fagnað víða um heim í gær, ekki bara hér á Íslandi. Kommúnistarnir Miguel Díaz-Canel og Raúl Castro, nýr forseti og fyrrverandi forseti Kúbu, tóku þátt í hátíðarhöldunum á Byltingartorginu í höfuðborginni Havana. Sá fyrrnefndi varð forseti í síðasta mánuði og lauk því áratugalangri valdatíð Castro-bræðra. Raúl og Fidel bróðir hans höfðu haldið um valdataumana frá 1959. NORDICPHOTOS/AFP

## Forstjóri Hörpu fékk 20 prósent launahækkun

Stjórnin veitti nýráðnum forstjóra Hörpu launahækkun upp á rúm 20 prósent síðasta sumar. Stjórnin var nýkomin með ákvörðunarvald yfir launum forstjórans sem áður heyrði undir kjararáð. Ráðið hafði ákvarðað forstjóránunum 1,3 milljónir í mánaðarlaun nokkrum mánuðum fyrr, í febrúar 2017.

**KJARAMÁL** Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. hækkaði laun forstjórans, Svanhildar Konráðsdóttur, um rúm 20 prósent á síðasta ári skömmu eftir að ákvörðunarvald launa forstjórans var fært frá kjararáði. Var þetta önnur launaákvörðunin sem forstjóri Hörpu fékk á síðasta ári því í febrúar í fyrra hafði kjararáð ákvarðað forstjóránunum 1,3 milljónir króna í mánaðarlaun. Stjórnin hækkaði hins vegar launin í 1.567 þúsund krónur á mánuði.

Í nýbirtum ársreikningi Hörpu má sjá að laun og launatengd gjöld til forstjóra Hörpu höfðu hækkað nokkuð milli árunna 2016 og 2017 og umfram það sem nemur þeim launum sem kjararáð ákvarðaði þáverandi forstjóra þann 13. febrúar 2017.

Forstjóraskipti urðu hjá Hörpu þann 1. maí í fyrra þegar Svanhildur Konráðsdóttir tók við af Halldóri Guðmundssyni sem verið hafði forstjóri í fimm ár. Launakjör Svanhildar voru þá þau sömu og kjararáð hafði ákvarðað Halldóri.

Ný lög um kjararáð tóku hins vegar gildi 1. júlí 2017 sem höfðu þann tilgang að fækka verulega þeim sem kjararáð ákvarðar laun og færa ákvörðunarvaldið í mörgum tilfellum aftur til stjórna viðkom-

andi fyrirtækja og félaga í opinberri eigu. Eitt þessara félaga var Harpa ohf.

Fréttablaðið leitadi skýringa á þessum launahækkunum sem birtust í ársreikningi Hörpu. Þórður Sverrisson, stjórnarformaður Hörpu, staðfestir að stjórnin hafi hækkað laun Svanhildar í fyrra, eftir að hún tók við starfinu, en það hafi verið fyrir hans tíð í stjórn. „Ákvörðun fyrri stjórnar um laun forstjóra var 1.567 þúsund í heildarlaun á mánuði og engar aukagreiðslur fyrir setu í öðrum stjórnunum,“ segir Þórður.

Aðspurður hvenær hækkunin hafi komið til framkvæmda segir Þórður telja að það hafi verið annað hvort 1. júlí eða 1. ágúst.

Stjórnarákvörðunin í fyrra gerði það að verkum að laun forstjórans hækkuðu um ríflega 260 þúsund krónur á mánuði, eða 20,5 prósent. Eftir því sem næst verður komist leiddi ákvörðun kjararáðs í febrúar 2017 ekki til teljandi launahækkunar hjá forstjóra Hörpu.

Fréttir hafa borist af launaskriði æðstu stjórnenda ríkisfyrirtækja og stofnana undanfarnar vikur, en fjallað hefur verið um að Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar fékk 32 prósent launahækkun í fyrra og að Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri fékk 16 prósent launahækkun hjá RÚV, svo dæmi séu tekin. Hækkunarir sem fallið hafa í grýttan jarðveg hjá verkalyðsförystunni.

Þessar umtalsverðu launahækkunarir til handa forstjórum og stjórnendum opinberra fyrirtækja og félaga, nýfrjálsum undan ákvörðunarvaldi kjararáðs, ganga í berhögð við tilmæli fjármála- og efnahagsráðuneytisins til stjórna fyrirtækja í ríkiseigu í fyrra. Þar var þeim ráðlagt að stilla öllum launahækkunum forstjóra í hóf eftir að ákvarðanir um laun þeirra færdust undan kjararáði af ötta við hugsanleg áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði. mikael@frettabladid.is



Svanhildur Konráðsdóttir.



# MAMMUT dagar

Nú gerum við okkur klár fyrir sumarið

**20%** afsláttur af fatnaði og skóm  
dagana 2. - 11. maí



Mammut Nordwand Adv HS  
Verð 82.595,-  
Verð m/afsl. 66.076,-



Mammut Foraker Light IN  
Verð 27.995,-  
Verð m/afsl. 22.396,-



Mammut Kento HS  
Verð 27.995,-  
Verð m/afsl. 22.396,-



Mammut Aenergy IN  
Verð 26.995,-  
Verð m/afsl. 21.596,-



Mammut Pordoi SO  
Verð 22.995,-  
Verð m/afsl. 18.396,-



Mammut Nordwand Pro HS  
Verð 93.995,-  
Verð m/afsl. 75.196,-



Mammut Botnica IN  
Verð 25.995,-  
Verð m/afsl. 20.796,-



Mammut Meron Light HS  
Verð 50.995,-  
Verð m/afsl. 40.796,-



Mammut Eigerjoch Adv IN  
Verð 49.995,-  
Verð m/afsl. 39.996,-



Mammut Pordoi SO  
Verð 22.995,-  
Verð m/afsl. 18.396,-



Hanwag Alaska GTX  
Verð 54.995,-  
Verð m/afsl. 43.996,-



Mammut Alto Guide GTX  
Verð 36.995,-  
Verð m/afsl. 29.596,-



Mammut Kento High GTX  
Verð 26.995,-  
Verð m/afsl. 21.596,-



Mammut Mercury Mid III GTX  
Verð 24.995,-  
Verð m/afsl. 19.996,-



Mammut Alnasca Knit Low  
Verð 20.995,-  
Verð m/afsl. 16.796,-



Hanwag Tatra GTX  
Verð 48.995,-  
Verð m/afsl. 39.196,-



Mammut Ayako High GTX  
Verð 29.995,-  
Verð m/afsl. 23.996,-



Mammut T-Aenergy High GTX  
Verð 26.995,-  
Verð m/afsl. 21.596,-



Mammut Nova Mid III GTX  
Verð 22.995,-  
Verð m/afsl. 18.396,-



Teva T-Aegility Low GTX  
Verð 22.995,-  
Verð m/afsl. 18.396,-




**MAMMUT**



OUTDOOR FOOTWEAR  
SINCE 1921



HILLEBERG  
THE TENTMAKER



Vango



Skeifunni 6 · www.everest.is



Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Vill Sameinuðu þjóðirnar að borðinu

**SUÐUR-KÓREA** Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, fór í gær fram á að Sameinuðu þjóðirnar tækju þátt í því að tryggja að Norður-Kórea stæði við loforð um að afkjarnorkuvæðast, líkt og Moon og Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, lofuðu í yfirlýsingu sem þeir undirrituðu í Panmunjom á dögunum. Fór Moon einnig fram á að SP tækju þátt í að koma á varanlegum friði á Kóreuskaga. Þessar óskir sínar bar Moon upp í hálf tíma löngu símtali við Antonio Guterres, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að því er Kim Eui-kyeom, talsmaður forsetaembættisins, greindi frá.

Sér Moon meðal annars fyrir sér að SP fylgist með uppfyllingu loforðsins um að breyta vígbúnu landmærasvæði Kóreuskagans í svokallað friðarbelti. Þá bað Moon Guterres um að málið kæmi inn á borð bæði allsherjarþingsins og öryggisráðsins sem gætu svo lýst yfir stuðningi við Panmunjom-yfirlýsinguna. —þea

## Þingið hafnaði Níkol Pasjinjan

**ARMENÍA** Níkol Pasjinjan, leiðtogi armensku stjórnarandstöðunar, náði ekki að tryggja sér nógu mörg atkvæði á þinginu í gær til þess að tryggja sér forsætisráðuneytið. Fékk hann 45 atkvæði en þurfti 53. Ljóst var því að of fáir stjórnarliðar voru tilbúnir að greiða honum atkvæði.

Stjórnarandstaðan er í minnihluta en í ljósi þess að tugir þúsunda mótmæltu Sersj Sargsjan, þáverandi forsætisráðherra, í apríl með þeim afleiðingum að hann sagði afsér taldi Pasjinjan sigurlíkur sínar ágætar.

Eftir atkvæðagreiðsluna hvatti Pasjinjan mótmælendur og alla sína stuðningsmenn, sem safnast höfðu saman í höfuðborginni Jerevan, til þess að ráðast í herferð borgaralegrar óhlýðni. Þegar Pasjinjan fór til mótmælenda á Lýðveldistorginu tók skarinn vel á móti honum. „Frá og með 8.15 í fyrramálið skulið þið loka öllum vegum. Ég tilkynni hér með um allsherjarverkföll. Bylting ástar og umburðarlyndis heldur áfram,“ sagði Pasjinjan. —þea

# Ildeilur Ísraels og Írans harðna

Netanjahú birti gögn sem hann sagði sýna fram á leynilega kjarnorkuvopnaáætlun Írana. Sagði þá ljúga að alþjóðasamfélaginu. Íranar svöruðu, kölluðu Netanjahú lygara og ríkisstjórn hans barnamörðingja. Sögðu hann jafnframt reyna að þrýsta á Trump að rifta kjarnorkusamkomulaginu.

**ÍSRAEL** Ildeilur Ísraels og Írana harðna dag frá degi og eru kjarnorkumál síðarnefnda ríkisins nú í sviðsljósinu. Leiðtogar ríkjanna tveggja kalla hvor annan lygara og málflytningur Ísraels þykir auka líkurnar á að Bandaríkjamenn rifti kjarnorkusamkomulagi sem Bandaríkin, Bretar, Rússar, Frakkar, Kínverjar, Þjóðverjar og ESB gerðu við Íran árið 2015.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, vakti athygli á blaðamannafundi sínum á mánudag þar sem hann sýndi tugi mappa og á annað hundrað geisladiska sem áttu að innihalda skjöl Íransstjórnar um kjarnorkuvopnaáætlun ríkisins. Sagði Netanjahú að leyniþjónusta Ísraels hafi unnið þrekkvirki og fundið skjölin í læstum skápum í húsi sem leit út fyrir að vera niðurníð vöruskemma.

Skjölin eiga, samkvæmt Netanjahú, að sýna fram á að Íranar hafi logið að alþjóðasamfélaginu í aðdraganda kjarnorkusamkomulagsins. Sagði hann Írana hafa unnið að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum í leyni eftir að tilkynnt var um að áætlunin hefði verið lögð niður árið 2003.

Netanjahú sýndi ekki fram á með afgerandi hætti að Íranar hefðu brotið samkomulagið með því að halda áfram vinnu við að koma sér upp kjarnorkuvopnum eftir að það var innleitt árið 2016. Sagði hann þó að unnið hefði verið áfram að verkefninu í leyni.


Það rímar illa við fyrri skýrslur Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar sem hefur sagt Írana vera að fylgja samkomulaginu.

Íranar voru ósáttir við staðhæfingar Netanjahús. Bahram Qasemi utanríkisráðherra sagði að ásakanir um lygar Íransstjórnar væru þreyttar, gagnslausar og skammlegar. „Þessar ásakanir koma frá gjaldþrota, alræmdum lygara sem hefur ekkert upp á að bjóða annað en svik og pretti. Þetta er fáránlegur áróður,“ sagði harðorður Qasemi og bætti við:

„Netanjahú og hin barnamyrðandi ógnarstjórn sionista hljóta að vera meðvituð um að heimsbyggðin er nógu klár til að gleypa ekki við þessu.“

Netanjahú svaraði svo fyrir sig. Sagði Írana einfaldlega ekki vilja að heimsbyggðin fengi að vita það sem Ísraelar væru að greina frá.

Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans, sagði svo sjálfur að með



Skilaboðin voru skýr á blaðamannafundi Netanjahús, sem fór fram á ensku. NORDICPHOTOS/AFP

Þetta eru tilhæfulausar ásakanir, settar fram til þess að blekkja alþjóðasamfélagið.

Javad Zarif, utanríkisráðherra Írans



ummælum sínum væri Netanjahú að reyna að þvinga Trump til þess að rifta kjarnorkusamkomulaginu.

Trump hefur áður sagst ætla að rifta samkomulaginu. Gerði hann það til dæmis ítrekað í kosningabaráttunni. Frestur hans til að ákveða sig rennur út þann 12. maí næstkomandi.

Trump-liðar tóku ummælum Netanjahús vel. Sagði talsmaður þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna í gær að upplýsingarnar sem Netanjahú birti gæfu nýja innsýn í írönsk kjarnorkumál. Forsetaembættið sagði ásakanir Netanjahús samræmast upplýsingum Bandaríkjanna um að Íranar hafi unnið að gerð kjarnorkuvopna.

Mike Pompeo utanríkisráðherra sagði í gær skjöl Netanjahús sýna

## Þjarmaði að Netanjahú

Chris Cuomo, blaðamaður CNN, þjarmaði að Netanjahú í viðtali sem hann tók í gær. Sagði hann mikilvægt að ríki greindu frá því hvort þau ættu, eða ynnu að gerð kjarnorkuvopna og spurði Netanjahú hvort Ísraelar ættu kjarnorkuvopn.

„Við höfum alltaf sagt að við yrðum ekki fyrsta ríkið til að greina frá slíku svo við höfum ekki gert það,“ sagði Netanjahú. Cuomo endurtók spurninguna og fékk svarið: „Þú færð ekki betra svar en þetta. En ég skal segja þér það að Íran hefur skrifað undir alls konar yfirlýsingar og samkomulög um kjarnorkuvopn. Íran kallar daglega eftir því að Ísrael verði lagt í rúst.“

Cuomo sagðist hafa skilning á málflytningu Netanjahús. Íranar væru þekktir fyrir að ljúga en það skipti máli að leyna ekki kjarnorkuvopnum. „Hvaða skilaboð sendir það þegar þið svarið sjálf ekki spurninguna sem meirihluti alþjóðasamfélagsins telur sig vita svarið við? Hvernig samræmist það því að vinna eftir gegnsæissjónarmiðum?“

Netanjahú sagði þetta ekki snúast um sjónarmið. Íranar hafi skrifað undir samkomulag sem skyldi þá til að greina frá málum sínum. Þegar Cuomo spurði í síðasta sinn af hverju Ísraelar vildu ekki staðfesta að þeir ættu kjarnorkuvopn svaraði Netanjahú:

„Þú mátt draga þær ályktanir sem þú vilt. Eitt er ljóst, við lofum aldrei geryðingu annarra ríkja.“

fram á með öyggiandi hætti að Íransstjórn hafi logið.

Ekki voru þó allir á Vesturlöndum á sama máli. Rob Malley, úr samninganefnd Bandaríkjanna sem skipað var í í forsetatíð Baracks Obama, sagði Netanjahú ekki hafa birt neinar nýjar upplýsingar.

Utanríkisráðuneyti Frakklands sagði svo að ísraelska leyniþjónustan hafi með þessu sýnt enn betur fram á mikilvægi kjarnorkusamkomulagsins. Ísraelar hafa sjálfir sett sig mjög svo upp á móti gerð samkomulagsins, telja það styrkja stöðu Írana. [thorgny@frettabladid.is](mailto:thorgny@frettabladid.is)

# VERTU REYKLAUS Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL

15% AFSLÁTTUR\*

\* 2MG og 4MG 204 stk pakkningum. Gildir af öllum bragðtegundum.



Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spærmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tobaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðitil læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).



Way of Life!

# LÁTTU FARA VEL UM ÞIG

ÓTRÚLEGA RÚMGÓÐUR SUZUKI BALENO

KOMDU  
OG PRÓFAÐU  
HANN!

VERÐ FRÁ KR.

2.180.000



(HYBRID)

**Suzuki Baleno hefur mesta innra- og farangursrými í sínum flokki.**

Suzuki Baleno er sérlega vel hannaður og glæsilegur bíll, jafnt utan sem innan.  
Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Baleno.  
- láttu fara vel um þig.

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



Suzuki Baleno er fánlegur með Hybrid-búnaði sem gerir 1.2l Dualjet mótorinn enn kraftmeiri og neyslugrennri.

*Það er alltaf Suzuki veður!*

FLUTT MEÐ  
**EIMSKIP**

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Sóknarfæri



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Það er auðvitað margsinnis búið að gefa út dánarvottorð á íslenskuna fram í tímann. Fullyrða að hún muni visna upp og hverfa inn í söguna á kostnað enskunnar. Falla fyrir hendi upplýsingatækni og afspreyningar í sjónvarpi, tölvum og sínum. En samt er hún þarna enn, þraukar í munni þeirra sem þrjúskast við, forsenda þess að við skiljum hvert annað, hver við erum og hvaðan við komum. Það er umfram allt hún sem gerir okkur að þjóð.

Síðustu ár og áratugir hafa óneitanlega ekki verið þrautalaus. Það er sótt að íslenskunni úr ótal áttum en það eru líka fjölmargir sem koma henni til varnar og auðga hana á hverjum degi. Þar má nefna kvikmyndagerðarfólk, rithöfunda, tónlistarmenn, leikara, bókaútgefendur og fleiri mætti vissulega til taka en allt á þetta varnarafli það sameiginlegt að vera skapandi. Að segja sögur og syngja söngva á íslensku, lyfta þannig tungumálinu í stöðugt nýjar hæðir og miðla því til allra sem tala og vilja tala íslensku. Það er lykillinn að lífi íslenskunnar og án þessa sköpunarkrafts er hætt við að illa fari.

Það er því fagnaðarefni þegar fram koma nýjar leiðir fyrir almenning til þess að meðtaka íslenskuna og allar þær bókmenntir sem eru skapaðar með henni á hverju ári. Fyrir nokkrum vikum hélt innreið sína á íslenskan markað hljóðbókaveitan Storytel, með nokkur hundruð titla á íslensku og reyndar einnig yfir 30 þúsund titla á ensku. Í síðustu viku gaf svo bókaútgáfan Forlagið út nýtt hljóðbókar-app sem kemur til með að gera fólki kleift að hlusta á bækur frá fjölda íslenskra útgefanda í sínum og öðrum snjalltækjum. Í þessu er fólgið gríðarlegt sóknarfæri fyrir bókmenntir í landinu og þar með íslenskuna því með þessum nýjungum opnast neytendum ný leið að því að njóta þess sem okkar færu rithöfundar, þýðendur og lesendur hafa að bjóða.



Þessu ber að fagna vegna þess að góðar hljóðbóka-veitur geta komið sem allt að því hrein viðbót inn á bókamarkaðinn og eftt hann til muna á komandi árum. Þessi nýja leið við miðlum bókmennta til fólks á öllum aldri gæti líka orðið til þess að styðja myndarlega við viðhald, verndun og þroska íslenskunnar. Hér er til að mynda frábært tækifæri til þess að höfða sérstaklega til yngri kynslóðanna þar sem enskan hefur herjað hvað harðast. Það er því mikið þjóðþrifamál að vel takist til og ef svo á að verða þurfum við að vera meðvítuð um að tileinka okkur þessa nýjung og styðja vel við framtíkið með ráðum og dáð.

Til þess að þetta gangi allt saman upp er líka bráðnaúdsýnlegt að gæta þess að höfundarréttur sé virtur og að viðkomandi listamenn fái greitt í samræmi við notkun. Að auki þarf að gæta þess að veiturnar geti boðið frambærilegt úrval á íslensku fyrir alla aldershópa, því gott aðgengi að góðum bókum er lykilatriði í því að skapa íslenskunni lífvænlegt umhverfi. Það er því mikilvægt fyrir hið opinbera að bregðast nú fljótt við og sækja fram með bókmenntunum og íslenskunni en ekki ætla að bregðast við þegar allt er komið í óefni.



Það er því mikið þjóðþrifamál að vel takist til og ef svo á að verða þurfum við að vera meðvítuð um að tileinka okkur þessa nýjung og styðja vel við framtíkið með ráðum og dáð.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Vika langur tími í pólitík**  
Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, gerði það sem engum ráðherra hefur tekist á síðustu árum í ráðherrastól, að leggja fram frumvarp um lögfestingu NPA fyrir fatlaða einstaklinga, og fá það samþykkt sem lög frá Alþingi. Þennan árangur hefði hann getað nýtt út árið til að auka vinsældir sínar og styrkja stöðu sína innan ríkisstjórnarinnar og innan Framsóknarflokksins. Aftur á móti hefur honum tekist á einhvern undraverðan hátt að láta mál forstjóra Barnaverndarstofu snúast um sjálfan sig og eigin embættisfærslur. Það hlýtur að vera einn mesti afleikur síðari ára í íslenskri pólitík.

**Hnúturinn hertur**  
Ljósmaður og ríkið virðast seint ætla að ná saman í viðræðum um kaup og kjör stéttarinnar. Þessar konur hafa árangurslaust reynt að fá kjör sín bætt svo mánuðum skiptir. Er nú svo komið að enginn samningur er í gildi um heima- vitjanir ljósmæðra. Heldur voru nú kaldar kveðjurnar frá hinu opinbera í gær þegar ljósmæðrum barst bréf um að þær hafi ekki val um hvort þær ynnu yfirvinnu eða ekki. Síð verður það til að liðka fyrir samningum ef neyða á stéttina til að vinna yfirvinnu í óþökk hennar. sveinna@frettabladid.is

## Börninn okkar – 8. maí



Ásmundur Einar Daðason  
félags- og jafnréttismálaráðherra



Eftir talsverða yfirferð hef ég ákveðið að setja af stað vinnu við að endurskoða félagslega umgjörð þegar kemur að málefnum barna með sérstakri áherslu á snemmtæka ihlutun.

Í velferðarmálum ræðum við oft um hvernig eigi að bregðast við vanda sem þegar er til staðar. En getur samfélagið gripið fyrr inn með aðstöð? Erum við að leggja nægilega áherslu á forvarnir og snemmtæka ihlutun með sérstakri áherslu á að styrkja fjölskyldur og börn í áhættu?

Eftir talsverða yfirferð hef ég ákveðið að setja af stað vinnu við að endurskoða félagslega umgjörð þegar kemur að málefnum barna með sérstakri áherslu á snemmtæka ihlutun. Ráðherrar mála- flokka sem bera ábyrgð á málavendum sem tengjast börnunum og fjölskyldum þeirra, sveitarfélög, grunnskóli, heilbrigðisþjónustan, barnavernd, frjáls félagsamtök o.fl. þurfa að koma að þessari umræðu. Við þurfum að stefna að þverpólitískri nálgun og sátt. Samþætta þarf þjónustu ólíkra aðila og auka samfellu svo hún sé betur sniðin að þörfum barna.

Þessi vinna verður formlega sett af stað með ráðstefnu 8. maí næstkomandi, þar sem hugsunin er að fá sem flesta að borðinu. Yfirskrifin er „Snemmtæk ihlutun í málefnum barna á Íslandi“ eða SIMBI. Þar verður unnt að hlýða bæði á innlenda og erlenda fyrirlesara auk þess sem ætlunin er að öllum gefist færi á að taka þátt í umræðum og koma með ábendingar um forgangsröðun. Skráning, dagskrá og allar nánari upplýsingar eru á [www.radstefna.is](http://www.radstefna.is).

Í framhaldinu verður skipaður stýrihópur sem fer með það hlutverk að halda utan um vinnuna í þverpólitísku samræði og með aðkomu þeirra sem koma að málefnum barna. Í þeirri vinnu þurfum við að leyfa okkur að hugsa „út fyrir rammann“ horfa til breyttrar nálgunar í veitingu þjónustu, mögulegra kerfisbreytinga, sameininga á þjónustutílbodum og leggja enn meiri áherslu á snemmtæka ihlutun og samfellu í þjónustu.

Ég tel mikilvægt, fyrir börnin okkar og samfélagið í heild, að við náum fram breytingum. Í þeirri vinnu skipta öll sjónarmið miklu máli og þess vegna viljum við fá þig að borðinu 8. maí næstkomandi.

# Stefnuleysi í heilbrigðismálum



**Oddur Steinarsson**



**Jón Torfi Halldórsson**  
sérfræðingar í heimilislækningum og stjórnarmenn í Félagi íslenskra heimilislækna

öflug heilsugæsla. Jafnframt telja stofnanirnar að nútímaheilbrigðisþjónustu eigi að veita í nærumhverfi en í minna mæli á dýrum sérhæfðum stofnunum.

Þrátt fyrir að Ísland sé aðili að báðum stofnununum virðast skýr skilaboð þeirra ekki hafa skilað sér til íslenskra stjórnvalda. Í Svíþjóð var gerð ýtarleg greining á heilbrigðiskerfinu og gefin var út umfangsmikil skýrsla árið 2016 um framtíðarstefnu í heilbrigðismálum. Meginniðurstaðan var að efla heilsugæslu og nærþjónustu. Síðastliðið sumar var hrint af stað áætlun til þess að breyta heilbrigðiskerfinu með þessum áherslum úr skýrslunni. Á Íslandi eru engar raunhæfar áætlanir til um uppbyggingu heilsugæslunnar eða um mönnun hennar. Heildstaða stefnu skortir tilfinnulega í heilbrigðismálum samanber nýlega skýrslu Ríkisendurskoðunar um Sjúkratryggingar Íslands.

Á málþingi sem Félag íslenskra heimilislækna hélt 3. mars síðastliðinn kom fram hve læknamönnun heilsugæslu á landsvísi er orðin gríðarlega brothætt og engin raunhæf áætlun til staðar um hvernig fylla eigi í það skarð sem myndast hefur í læknamönnun undanfarna tvo áratugi. Jafnframt hefur mönnunarmódel ekki verið endurskoðað í áratugi þrátt fyrir mikla búferlaflutninga og verulega fjölgun ferðamanna um land allt. Samkvæmt þeim tölum sem fram komu á fundinum er ástandið þannig sumstaðar að það vantar fasta lækna í meira en



**Á Íslandi eru heimilislæknar um 15% af starfandi læknum en í OECD-löndunum er meðaltalið nálægt 30%.**

helming þeirra stöðugilda sem eru í heilsugæslu á stofnununum á landsbyggðinni. Á Íslandi eru heimilislæknar um 15% af starfandi læknum en í OECD-löndunum er meðaltalið nálægt 30%.

Þrátt fyrir öflugt sérnám í heimilislækningum útskrifast einungis um 6-8 nýir sérfræðingar í heimilislækningum á ári. Aðeins er greitt fyrir allt að 22 stöður af velferðarráðuneytinu, en sérnámið er fimm ár þannig að þeir fjármunir duga einungis fyrir um 4,4 stöðum á ári. Til samanburðar má nefna að

í Uppsölum í Svíþjóð þar sem um 370 þúsund manns búa og mönnun heimilislækna er mun betri en hér á landi, er áætlað að þörf sé á að útskrifa 26-28 nýja heimilislækna á ári næstu 10 árin til að fylla í skörðin þar. Um þriðjungur núverandi sérnámslækna í heimilislækningum á Íslandi getur hugsað sér að starfa á landsbyggðinni, þannig að ástandið á eftir að hrjóversna næsta áratuginn ef ekkert verður að gert. Þá er enginn sérnámslæknir á þeim fjórum heilsugæslum sem starfa sjálfstætt á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir að þær séu vel mannaðar sérfræðingum. Hvað varðar kennslu í Háskóla Íslands þar sem meirihluti íslenskra lækna nemur, eru eingöngu 1,32 stöður kennara í heimilislækningum. Það er í hróplegu ósamræmi miðað við þann fjölda lækna sem starfar við greinina og við hvað umfang heilsugæslunnar ætti að vera á landsvísi.

Enn er of lítið horft á lækningar manneskjunnar sem heildar og of mikið lítið til einstaka hluta eða á afmörkuð vandamál manneskjunnar sem þjónar ekki á fullnægjandi hátt þörfum fjöldans. Í kennslu læknanema við HÍ er nær eingöngu lögð áhersla á sjúkrahúshluta lækninga. Læknadeild á að mennta lækna til að mæta þörfum samfélagsins. Löngu er tímabært að breyta þessu gamla og úrelta viðhorfi og hvetjum við til að farið sé að fordæmi Norðurlanda í menntun og skipulagi heilbrigðiskerfisins í heild.

## FJÖLHÆFASTA FJÖLSKYLDA LANDSINS?



Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrval Volkswagen atvinnubíla í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.



Glæsilegur og vel út búinn pallbill með 3.0 lítra, 225 hestafla, V6 dísilvél, 550 Nm tugi, læst afturdrif, dráttarbeisli, heithúðun á palli, stigbretti, vetrardekk og nú á einstöku tilboðsverði.

**Volkswagen Amarok**  
verð frá **7.890.000 kr.**



Hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi og með átta þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Fjöldi útfærslna á hleðslurými, farþegarymi og aðstoðarkerfi.

**Volkswagen Crafter**  
verð frá **5.610.000 kr.**



Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjórhjóladrifinn og í fjölda útfærslna.

**Volkswagen Caddy**  
verð frá **2.590.000 kr.**



Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki. Fulokomin stöðugleikastýring, spólvörn og sjö þrepa sjálfskipting.

**Volkswagen Transporter**  
verð frá **4.180.000 kr.**



Atvinnubílar

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt.  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanessbæ



## Ertu að flytja til

### Noregs, Danmerkur eða Svíþjóðar?

7. maí n.k. kl. 17:00 býður Norræna félagið, í samstarfi við Halló Norðurlönd, og EURES evrópsk vinnumiðlun upp á upplýsingafund þar sem farið verður yfir hagnýt atriði varðandi flutning, atvinnuleit og nám í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Fulltrúar frá EURES, Halló Norðurlönd, Ríkisskattstjóra og Rannís verða með kynningu.

Fundur er haldinn í húsnæði Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1, 103 Reykjavík í fundarsal á 1. hæð. Gestir eru hvattir til að mæta stundvíslega. Vinsamlegast athugið að nauðsynlegt er að skrá sig á fund.

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á netfangið: [eures@vmst.is](mailto:eures@vmst.is) fyrir 4. maí.



## MARKAÐURINN

Við þekkjum viðskiptalífið

## Fjölmarginir leikir fóru fram í Mjólkurbikarnum í gær



Glæsilegt mark hjá Færeyingnum Brandur Olsen skoraði sitt fyrsta mark fyrir FH þegar hann skrúfaði boltann laglega í netið í góðum sigri liðsins gegn ÍR í Mjólkurbikar karla í knattspyrnu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Góðar líkur á markaleik í Rómarborg

Liverpool gæti komist í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í fyrsta skipti í ellefu ár. Roma er í slæmri stöðu en liðið sneri svipuðu tafla við þegar liðið mætti Barcelona í keppninni fyrr á þessari leiktíð.

**FÓTBOLTI.** Liverpool á góðan möguleika á að tryggja sér sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu karla í fyrsta skipti frá árinu 2007 þegar liðið mætir Roma í seinni leik liðanna í undanúrslitum keppinnar í Rómarborg í kvöld.

Liverpool hafði betur, 5-2, þegar liðin mættust í fyrri leik liðanna á Anfield í síðustu viku. Sú staðreynd að Roma kom til baka í svipaðri stöðu þegar liðið mætti Barcelona í átta liða úrslitum keppinnar veitir Roma vissulega von fyrir leik liðanna í kvöld.

Liverpool og Roma hafa áður mæst í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu, en það var vorið 1984. Úrslit leiksins réðust í vítaspyrnukeppni, en þar var Bruce Grobbelaar, markvörður frá Simbabwe, hetja Liverpool. Grobbelaar varði tvær vítaspyrnur Roma í vítaspyrnukeppninni og átti ríkan þátt í því að tryggja Liverpool sigur í keppninni.

Liverpool tapaði fyrir öðru ítölsku liði, AC Milan, þegar liðið lék síðast til úrslita í Meistaradeild-

inni vorið 2007. AC Milan náði þar að hefna fyrir sárgætilegt tap fyrir Liverpool eftir dramatískan úrslitaleik í keppninni árið 2005. Þar hafði Liverpool betur með sigri í vítaspyrnukeppni, en AC Milan glutraði niður þriggja marka forystu í leiknum og missti leikinn í framlengingu og síðan vítaspyrnukeppni.

Eflitið er til tölfræði úr Meistaradeild Evrópu á þessari leiktíð þá má vænta þess að mörkunum rigni á Ólympíuleikvanginum í Róm í kvöld. Liverpool er það lið sem hefur skorað mest í keppninni á leiktíðinni, eða 38 mörk talsins í 11 leikjum, sem gerir rúmlega þrjú mörk að meðaltali í leik. Þá er Roma á meðal þeirra liða sem fengið hafa flest mörk á sig í keppninni á þessari leiktíð. Celtic hefur fengið flest mörk á sig eða 18 mörk, en Roma, Anderlecht og Apoel koma næst þar á eftir með 17 mörk fengin á sig.

Leikur Roma og Liverpool hefst klukkan 18.45 í kvöld, en liðið sem kemst áfram mun mæta ríkjandi meisturum, Real Madrid, í úrslitaleik keppinnar í Kiev laugardaginn 26. maí. [hjorvarvo@frettabladid.is](mailto:hjorvarvo@frettabladid.is)

### Nýjast

#### Olis-deild karla, undanúrslit

#### Selfoss - FH 31-28

**Selfoss:** Einar Sverrisson 11/2, Haukar Prastarson 6, Atli Ævar Ingólfsson 5, Hergeir Grímsson 4, Elvar Örn Jónsson 3, Teitur Örn Einarsson 2.

**FH:** Einar Rafn Eirsson 8/2, Öðinn Þór Ríkharðsson 7, Ágúst Birgisson 4, Gísli Þorgeir Kristjánsson 3, Jóhann Karl Reynisson 2.

Staðan í einvigi liðanna er 2-1 fyrir Selfoss sem getur komist áfram í úrslitin með sigri í leik liðanna í Kaplakrika á laugardaginn.

#### Meistaradeildin, undanúrslit

#### Real Madrid - Bayern M. 2-2

0-1 Joshua Kimmich (3.), 1-1 Karim Benzema (11.), 2-1 Karim Benzema (46.), 2-2 James Rodríguez (63.).

Einvigi liðanna endaði samanlagt 4-3 fyrir Real Madrid sem leikur þar af leiðandi til úrslita í Meistaradeild Evrópu þriðja árið í röð. Real Madrid sem hefur borið sigur úr þýtum í keppninni síðustu tvö keppnistímabil mætir annað hvort Roma eða Liverpool í úrslitum.

#### Mjólkurbikarinn

ÍBV - Einherji	4-2
Reynir S. - Víkingur R.	0-2
Afturelding - KR	1-7
Haukar - KA	1-2
Kári - Höttur	5-2
Þór - HK	3-2
Viðir - Grindavík	2-4
Stjarnan - Fylkir	2-1
Völsungur - Fram	1-2
ÍR - FH	0-5
Hamar - Víkingur Ó.	3-5
Leiknir R. - Breiðablik	1-3
Magni - Fjölnir	1-3
Valur - Keflavík	2-0

ÞESSI AUGLÝSING ER KOSTUÐ AF JARÐARVINUM

# HVALIRNIR

SKJÓTA EÐA NJÓTA?

VILJUM VIÐ TAKA ÁHÆTTU ÞEGAR FERÐAÞJÓNUSTAN  
OG ÚTFLUTNINGSATVINNUVEGIRNIR ERU Í HÚFI?



#### Hörð viðbrögð um allan heim

Ferðamenn og aðrir neytendur taka stefnu í náttúruverndarmálum æ oftar með í reikninginn þegar þeir ákveða hvert þeir fara og hvert þeir beina viðskiptum sínum auk þess sem þeir eru duglegir að við að deila skoðunum sínum.



#### 7% af kvóta náðist – takmörkuð verðmæti

Aðeins náðist að veiða 7% af kvótanum árið 2017 eða 17 hrefnur af 269 dýra kvóta. Hrefnan virðist nú forðast veiðilendur hvalveiðiskipa við Ísland. Verðmæti aflans var aðeins 17 milljónir.



#### Brotabrot af tekjum af hvalaskoðun

15 fyrirtæki hafa tekjur af hvalaskoðun, samtals um 5 milljarða. „Verðmæti“ aflans eru því aðeins um 0.3% af tekjum af hvalaskoðun. Þá eru ótaldir aðrar tekjur af komu útlendinganna.



#### 0.003% af ferðamannaíðnaðinum

Í samanburði við 500 milljarða tekjur ferðamannaíðnaðarins eru „tekjur“ af hvalveiðum aðeins um 0,003%. Er hægt að réttlæta þessar veiðar árið 2018 á tímum samfélagsmiðla?

#### Alþjóðasamþykktir

Alþjóðahvalveiðiráðið bannaði hvalveiðar með öllu árið 1986. Nú eiga 190 þjóðir aðild að CITES samningnum sem kveður á um algert bann við kaupum, sölu og flutningi allra hvalaafurða innan lögsögu þjóðanna.

#### Háþróuð spendýr

Nú standa fyrir dýrum veiðar á allt að 209 langreyðum. Langreyðurin er háþróuð spendýr sem líkja má við fil á landi. Næst stærst allra núlifandi dýra og lifir í 90-100 ár.

#### 5% minnkun þýðir 25 milljarða tap

Ef aðeins 5% af ferðamönnum settu hvalveiðar fyrir sig við val á ákvörðunarstað yrðu landsmenn af 25 milljörðum. Er þetta áhættunnar virði?

#### Íslenskar vörur úr hillum verslana

Íslenskar voru fjarlægðar úr hillum í verslana Whole Food í Bandaríkjunum og fleiri stórmarkaða vegna hvalveiða íslendinga.

Segjum **NEI** við hvalveiðum!



Segðu NEI með okkur!

Undirskriftalisti á [is.petitions24.com](https://is.petitions24.com)

Jarðarvinir eru á Facebook! Þinn stuðningur skiptir mál!

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1670** King James útgáfan af biblíunni er gefin út í Lundúnum.


**1919** Ljósmeðrafélag Íslands stofnað. Félagið var fyrsta stéttarfélag fag-lærðra kvenna á landinu.

**1970** Búrfellsvirkjun tekin í notkun.

**1986** Borgin Chernobyl í Úkraínu er rýmd, sex dögum eftir að kjarnakljúfur í borginni bræddi úr sér.

**1997** Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi utanríkisráðherra, undirritar samning um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

**1998** Evrópski seðlabankinn er stofnaður.



Þessi sögufræga ljósmynd var tekin þennan dag fyrir 73 árum. Hún sýnir Sovétmennina Meliton Kantaría og Mikhail Jegorov flagga fána Sovétríkjanna á þýska þinghúsinu í Berlín. Sigur var unninn í Berlín og seinni heimsstyrjöldin senn á enda, enda hafði Adolf Hitler svipt sig lífi fáeinum dögum fyrr. NORDICPHOTOS/AFP



**2000** GPS, eða Global positioning system, er innleitt fyrir almenna notendur.

**2011** Osama bin Laden, hryðjuverkamaður og leiðtogi al-Qaeda, er ráðinn af dögum í Abbottabad í Pakistan af bandarískum sersveitarmönnum.

## Þórður segir lífið eins og ægifagran Eyjafjörðinn

Í dag heldur Þórður Árni Björgúlfsson upp á hundrað ára afmælið sitt með mikilli veislu. Hann segir margt hafa breyst á sinni tíð og þá aðallega verkmenninguna. Erfitt sé þó að telja allar breytingarnar. Þórði finnst gaman að fíkta í tölvum og fylgist vel með á netinu.

Þórður Árni Björgúlfsson, vélvirki, er fæddur í Eskifirði þann 2. maí 1918 og er því hvorki meira né minna en 100 ára í dag. Þórður er búsettur á Akureyri þangað sem hann kom 17. júní árið 1930, þá tólf ára gamall siglandi á norska skipinu Nova og hann segir að Eyjafjörðurinn þann dag hafi verið það fegursta sem hann hafi lítið – og líkir lífi sínu við Eyjafjörðinn eins og hann tók á móti honum þennan dag.

„Heilsan er í lagi og ég held að kollurinn sé svona nokkurn veginn í lagi og þá er allt fengið. Það er dásamlegt að vera að fagna nýrri öld!“ segir Þórður þegar hann er spurður að því hvernig aldurinn leggist í hann.

Þórður segist vera alveg mätulega mikið afmælisbarn og að hann ætli að sjálfsgöðu að halda upp á daginn í dag. Börnin hans þrjú standa fyrir heljarinnar veislu fyrir Þórði í dag í hátíðarsal dvalarheimilisins Hlíðar.

Hvað á að gera svona í tilefni dagsins? „Það á bara að dansa og hafa það gott,“ svarar hann en honum leiðast ekki veislur og mannamót þrátt fyrir aldurinn og er



Þórður ætlar að dansa og hafa það gott í tilefni dagsins.

duglegur að taka þátt í félagslífinu á öldrunarheimilinu Hlíð. Hann hefur líka í gegnum árin ferðast mikið – hans uppáhalds staður er Krit, þangað sem hann hefur ferðast nokkrum sinnum og minnir

hann á Ísland. Þórður ferðast oft frá Akureyri suður til Garðabæjar alla hátíðisdaga þar sem hann dvelur í faðmi fjölskyldunnar hjá fjölskyldunni.

Hefur ekki mikið breyst á þínum dögum? Hvað er það sem þér finnst hafa breyst mest?

„Já, drottinn minn dýri, hvort það nú er. Verkmenningin hefur að mörgu leyti breyst og fleira, það er erfitt upp að telja því það er svo margt.“

Þórður lætur þó örar breytingar ekki stöðva sig í að fylgjast með því sem á sér stað í heiminum – hann segist hafa gaman að því að fíkta í tölvum og tækninni. Hann fylgist með öllum fjölmiðlum á netinu í gegnum tölvuna sína, en hann á einnig spjaldtölvu og snjallsíma.

„Það verður að fylgjast með, það þýðir ekki að ana áfram í villu án þess að vita hvert maður fer.“

Þórður fylgist líka grannt með umferð skipa og flugvéla fyrir utan landið. Hann er líka í samskiptum við fjölskyldu sína í gegnum Skype.

„Aldurinn hefur alveg fært mig inn í nýja veröld, það má alveg segja það og standa við það, meira að segja,“ segir Þórður og hlær.

ÞETTA GERÐIST 2. MAÍ 1942:

## Listamannadeilan nær hámarki

Á þessum degi fyrir 76 árum náði Listamannadeilan hámarki þegar Jónas Jónasson frá Hriflu lét taka niður háðungarsýningu á verkum íslenskra listamanna. Í staðinn kom hann fyrir verkum sem að hans mati voru til eftirbreytni.

Deilan átti rætur að rekja til bréfs sem nokkrir íslenskir listamenn sendu Alþingi vegna kaupa íslenska ríkisins á listaverkum. Þótti þeim miður að ríkið legði áherslu á frásagnarlist með þjóðlegu myndefni en sneiddi hjá verkum samtímalistamanna.

Upphófst mikil deila milli listamanna ungu og menntamálaráðs, undir forystu Jónasar. Það fór svo að Jónas setti upp háðungarsýningu í búðarglugga í Aðalstræti í Reykjavík. Þetta voru verk „klessumálara“ eins og hann lýsti þeim. Minnti þetta óneitanlega á sýningu nasista á úrkynjaðri list gyðinga.

Hinn 2. maí fyrirskipaði Jónas að sýningin skyldi vera tekin niður og í staðinn voru sett verk eftir Sigurð Guðmundsson, Jóhannes Kjarval og fleiri sem þóttu heppilegri fyrirmyndir í íslenski myndlist.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Helgi Hrafnkelsson**

lést á líknardeild LSH í Kópavogi 17. apríl í faðmi fjölskyldunnar. Útför fer fram í Seljakirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir og þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð líknardeildar LSH í Kópavogi.

**Anna Kristín Gunnlaugsdóttir**  
**Jóhannes Unnar**  
**Hrafnkell**  
**Helga Lovisa**  
**Drífa Hrönn**  
**Elisa Ösp**  
**Pröstur Már**  
og barnabörn.



*Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda*

Jón G. Bjarnason, umsjón útfara



**Útfararþjónusta**  
& lögræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. maí 2018

17. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
YACHT-MASTER 40

**MICHELSEN**  
ÚRSMIDIR  
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

## Samkomulag um forkaupsrétt greiðir götuna fyrir útboð



Ríkið fellur tímabundið frá forkaupsrétti sínum að bréfum Kaupþings í Arion upp að ákveðnum eignarhluta við útboð bankans. Kaupþing gæti þurft að greiða ríkinu mismuninn ef útboðsgengið verður undir 0,8. Hlutfjárútboð og skráning í fyrri helmingi júnímánaðar. »2



»2

### Jarðböðin við Mývatn metin á 4,5 milljarða

Jarðböðin við Mývatn voru um síðustu áramót metin á 4,5 milljarða króna og jókst virði þeirra um 1,3 milljarða eða ríflega 40 prósent í fyrra. Til samanburðar var það staðurinn metinn á um 900 milljónir í lok árs 2014.

»4

### Rekstrartap Valitors jókst um rúmlega milljarð

EBITDA-hagnaður Valitors Holding var neikvæður um 650 milljónir króna í fyrra. Forsvarsmenn kortafyrirtækisins gera ráð fyrir að reksturinn verði arðbær innan fimm ára.

»6

### Innflæðishöft brjóta gegn EES-samningnum

„Stjórnvöld ríghalda í þá afstöðu gagnvart ESA að innflæðishöft séu nauðsynleg vegna alvarlegrar hættu á greiðsluvandræðum við útlönd á sama tíma og þau segja við alla aðra, að allt sé í blóma,“ segir Birgir Tjörvi Pétursson lögmaður í aðsendri grein.

## Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifstöð, 4250500



**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



## Jarðböðin við Mývatn metin á 4,5 milljarða

Jarðböðin við Mývatn voru um síðustu áramót metin á 4,5 milljarða króna og jókst virði þeirra um 1,3 milljarða eða ríflega 40 prósent í fyrra. Til samanburðar var baðstaðurinn metinn á um 900 milljónir í lok árs 2014.

Upplýsingar um virði Jarðbaðanna, sem voru opnuð í júní árið 2004, má lesa úr nýjum ársreikningi KEA, meirihlutaeiganda fjárfestingafélagsins Tækifæris sem er stærsti hluthafi baðstaðarins með um 40,6 prósent hlut. Umræddur hlutur var metinn á 1.827 milljónir króna í lok síðasta árs í bókum KEA borið saman við 1.282 milljónir í árslok 2016.

Um 220 þúsund manns heimsóttu Jarðböðin í fyrra og hafa gestirnir aldrei verið fleiri. Gestirnir voru rúmlega 200 þúsund árið 2016 og um 150 þúsund árið 2015. Gert er ráð fyrir um fimm prósent fjölgun í ár.

Eignarhlutur Tækifæris í Jarðböðunum er langverðmætasta eign fjárfestingafélagsins. Sem kunnugt er seldi Akureyrarbær 15 prósent hlut í Tækifæri í janúar árið 2016 fyrir 116 milljónir króna en miðað við bókfært virði baðstaðarins í lok síðasta árs er sá hlutur nú metinn á ríflega 270 milljónir. Sala þjárfélagsins sætti töluverðri gagnrýni

# 43%

jókst virði eignarhlutar Tækifæris í Jarðböðunum í fyrra.

og hélt Sigurður Guðmundsson, kaupmaður og fyrrverandi bæjarfulltrúi, því til að mynda fram að bæjarfulltrúar hefðu verið blekkir. Forsvarsmenn KEA, sem keypti hlutinn af bænum, vísuðu því á bug. Jarðböðin voru rekin með 303 milljóna króna hagnaði árið 2016 samanborið við 196 milljónir árið 2015. Ársreikningi fyrir árið í fyrra hefur ekki verið skilað inn til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Heildarvelta baðstaðarins var 725 milljónir króna árið 2016 og jókst um 33 prósent á milli ára. Greiddu gestir þá alls 581 milljónir í aðgangseyri.

Fjárfestingafélagið Tækifæri er sem fyrr segir stærsti hluthafi Jarðbaðanna með 40,6 prósent hlut. Félag í eigu Bláa lónsins á tæplega fjórðungshlut en aðrir hluthafar eru meðal annars Landsvirkjun, Landeigendur Voga ehf. og Skúta- staðahreppur en hreppurinn ákvað ásamt nokkrum hluthöfum að bjóða í janúar til sölu um 6,5 prósent hlut í félaginu. – Kij

# Ríkið fellur að hluta frá forkaupsrétti að Arion

Ríkið fellur tímabundið frá forkaupsrétti sínum að ákveðnum hluta Kaupþings í Arion við hlutafjárútbod. Einnig til skoðunar að Kaupþing ábyrgist greiðslu til ríkisins miðað við lágmarksgengið 0,8. Útbod og skráning bankans í júní.

Íslenska ríkið mun falla að hluta frá forkaupsrétti sínum að hlutabréfum Kaupþings í Arion banka, sem virkjust að öðrum kosti ef þau eru seld á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé, upp að ákveðnum eignarhluta og í tiltekinn tíma þegar ráðist verður í almennt hlutafjárútbod og skráningu bankans, samkvæmt heimildum Markaðarins. Slik aðlögun á forkaupsréttinum hefur verið talin nauðsynleg enda er annars talin hætta á því að tilvist hans myndi að óbreyttu valda óvissu og draga úr þátttöku fjárfesta í útbodinu og þá um leið aftra því að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram.

Ríkið verður hins vegar áfram með forkaupsrétt að þeim hluta sem ekki selst í útbodinu og verður enn í eigu Kaupþings eftir skráningu bankans á markað. Þetta þýðir að Kaupþing mun að líkindum selja minni eignarhlut en ella í fyrsta kasti í útbodinu, mögulega í kringum 30 prósent hlut, en félagið á samtals 55,6 prósent í bankanum. Miðað við núverandi bókfært eigið fé Arion banka er hlutur Kaupþings metinn á samtals um 125 milljarða. Sökum stöðugleikaskilyrða og afkomuskiptasamnings hefur ríkið ekki síðri hagsmuni en Kaupþing í því að fyrirhugað útbod heppnist vel enda mun stór hluti söluandvirðisins renna í skaut þess. Eftir því sem hærra verð fæst fyrir bréfin í Arion banka, því hærra verður stöðugleikaframlag Kaupþings til ríkissjóðs.

Þá kemur einnig til greina að Kaupþingi verði gert að greiða ríkinu mismuninn ef sölugengið í útbodinu á þeim bréfum sem ríkið mun falla frá forkaupsrétti sínum að verður lægra en 0,8. Með öðrum orðum að Kaupþing taki á sig verðáhættuna með því að ábyrgjast að sú fjárhæð sem ríkið fær verði aldrei lægri en sem það fengi í sinn hlut miðað við sölu á bréfum í bankanum á genginu 0,8 í útbodinu. Þar gæti verið um marga milljarða króna að ræða. Ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins ræddi málið á fundi sínum í fyrradag, samkvæmt heimildum Markaðarins, en ekki hefur náðst endanlegt samkomulag



Kaupþing fer með 55,6 prósent hlut í Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 55

milljarðar myndu fást fyrir 30 prósent hlut í Arion ef gengið verður 0,8 miðað við núverandi eigið fé bankans.

um þetta atriði í viðræðum fulltrúa stjórnvalda og Kaupþings. Búist er við að niðurstaða fái á næstu dögum, líklega síðar í þessari viku.

Samkomulag við stjórnvöld um endurskoðun á forkaupsréttinum hefur verið á meðal þess sem helst hefur staðið í vegi fyrir margboduðu hlutafjárútbodi Arion banka. Bankinn mun í dag, miðvikudag, birta uppgjör sitt fyrir fyrsta ársfjórðung og í kjölfarið, samhliða því að verið er að ganga frá samkomulagi um forkaupsréttinn, er áformað að tilkynna um að formlegt útbodsferli sé hafið, mögulega strax í næstu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sjálft útbodið og í framhaldi tvihliða skráning bankans á Íslandi og í Svíþjóð mun þá fara fram í fyrri helmingi júnímánaðar.

Forkaupsréttarákvæðið var sett til að tryggja hagsmuni ríkisins í söluferli Arion banka. Því var ekki síst ætlað að girða fyrir þann

möguleika að bankinn yrði seldur á hrakvirði í lokuðu útbodi til fjárfesta sem væru tengdir kröfuhöfum Kaupþings og um leið að gengið yrði á fjárhagslega hagsmuni ríkisins. Slik sniðgöngusjónarmið eru ekki talin eiga við í tilfelli sölu sem fer fram í almennu hlutafjárútbodi, líkt og nú er ráðgert, þar sem markaðsverð ræðst af tilboðum breiðs hóps fjárfesta. Því er kveðið á um það í stöðugleikasamningnum að Kaupþing og íslenska ríkið skuldbindi sig til að breyta forkaupsréttarákvæðinu í samræmi við ráðgjöf óháðs fjárfestingabanka í því skyni að tryggja að ákvæðið hafi ekki neikvæð áhrif á framgang útbodsins.

Viðræður stjórnvalda og Kaupþings um forkaupsréttarákvæðið höfðu staðið yfir um nokkurt skeið á síðasta ári. Þeim var hins vegar sjálfhætt þegar kom til stjórnarslita Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartar framtíðar um miðjan september og Kaupþing ákvað í kjölfarið, vegna pólitískrar óvissu, að hætta við áform sín um útbod og skráningu bankans í október sama ár. Á meðal þeirra sem hafa veitt ríkinu ráðgjöf síðustu vikur vegna endurskoðunar forkaupsréttarins er Bretinn Michael Ridley, fyrrverandi bankamaður JP Morgan, en hann starfar núna tímabundið að málefnum sem tengjast fjármála- kerfinu á Íslandi.

hordur@frettabladid.is

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Áegisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



## Seldu á virði en ekki á verði

Þú lærir að stjórna tíma þínum og söluáþendingum á áhrifaríkan hátt, að ná til viðskiptavina, og koma á fundum með lykilorði. Þú munt selja á virði en ekki verði, leysa málin með viðskiptavinum og skapa þér sérstöðu. Námskeiðið Árangursrík sala (Winning with Relationship Selling) er á topp 20 lista Traingindustry.com

### Ávinningur:

- Tileinka þér jákvætt viðhorf
- Spyrja réttu spurninganna
- Auka trúverðugleika þinn
- Halda söluþykningu af öryggi
- Ná endursölu og nýjum tengiliðum

- Beina samræðum á rétta braut
- Skapa ný sölutækifæri með eftirfylgni
- Ná fram skuldbindingu og loka sölunni
- Koma auga á leiðandi kauphvata viðskiptavinar
- Taka á spurningum og andmælum af öryggi

Hefst 8. maí • Nánar á dale.is

Dale Carnegie®






LG

Business Solutions

# Slepptu ímyndunaraflinu lausu með hágæða LG OLED upplýsingaskjám

LG bjóða upp á upplýsingaskjá í hæsta gæðaflokki sem koma fyrirtækinu þínu á næsta stig.

Djúpur svartur og fullkomnir litir, skýr mynd frá öllum sjónarhornum, örþunnur og rammalaus skjár sem má raða, beygja og stilla upp að vild. LG OLED upplýsingaskjái eru tilvaldir til þess að fanga athygli og vekja aðdáun viðskiptavina. Framtíðin í upplýsingaskjám er komin. Hafðu samband og kynntu þér málið.



Concave



Convex



Wave



Circular



Tunnel

LG OLED



Hafið samband og kynnið  
ykkur möguleikana



Heimilistæki ht.is

Söludeild, sími 569 1520, sala@ht.is

## Tryggt sér fjármögnun upp á ríflega 15 milljarða

Arctic Green Energy, íslenskt félag sem var stofnað til þess að þróa og reka umhverfisvænar jarðhitaveitur í Asíu, hefur samið við kínversku fjárfestingafélögin CITIC Capital og China Everbright og Þróunarbanka Asíu um fjármögnun upp á 150 milljónir dala eða sem jafngildir ríflega 15,1 milljarði króna. Fjármagnið verður nýtt til þess að fjármagna frekari vöxt félagsins og endurfjármagna eldri skuldir.

CITIC Capital, sem hefur verið hluthafi í Arctic Green Energy frá árinu 2015, nýtti sér kauprétt að hlutum að virði 30 milljónir dala í félaginu en China Everbright keypti hluti og skuldabréf útgefið af íslenska félaginu fyrir samtals 70 milljónir dala. Þá veitti Þróunarbanki Asíu félaginu 50 milljóna dala lán.

Haukur Harðarson, stjórnarformaður og stofnandi Arctic Green Energy, verður áfram stærsti einstaki hluthafi félagsins en kínversku fjárfestingafélögin munu fara með minnihluta hlutfjár. Hann segir í tilkynningu á vef



Haukur Harðarson, stjórnarformaður Arctic Green Energy.

félagsins að fjármögnunin sé mikilvægt skref. China Everbright muni breikka hluthafahóp félagsins og styrkja tengsl þess enn frekar við Kína.

Tilkynnt var um það í mars síðastliðnum að félögin Arctic Green Energy og Sinopec Green Energy Geothermal hefðu tryggt sér fjármögnun upp á 250 milljónir dala frá Þróunarbanka Asíu til áframhaldandi vaxtar í Kína, en verkefni félaganna þar snúa að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á borð við kol, olíu og gas til húshitunar og loftkælingar.

Undir merkjum Sinopec Green Energy munu félögin tvö koma að uppbyggingu eins stærsta jarðhitaverkefnis sögunnar í nýrri risaborg í Kína. – kjj

## Hærra launakostnaður Icelandair áhyggjuefni

Launakostnaður Icelandair Group nam 113 milljónum dala, sem jafngildir um 11,4 milljörðum króna, á fyrsta fjórðungi ársins og hækkaði um 31 prósent á milli ára. Er það umtalsvert meiri hækkun en greinendur höfðu gert ráð fyrir. Þróunin er áhyggjuefni að mati hagfræðideildar Landsbankans.

„Launakostnaður í flugi er reyndar alþjóðlegt áhyggjuefni en Icelandair má síst við miklum hækkunum,“ segir í viðbrögðum sérfræðinga Landsbankans við uppgjöri ferðaþjónustufyrirtækisins sem birt var á mánudag.

Rekstrarkostnaður Icelandair Group var 286 milljónir dala á fyrsta ársfjórðungi og hækkaði um 23 prósent á milli ára. Þar munaði mestu um hærra launa- og starfsmannakostnað. Hagfræðideild Landsbankans hafði spáð því að sá kostnaður yrði um 98

milljónir dala á tímabilinu, sem er í takt við spár fleiri greinenda, en hann reyndist hins vegar vera 113 milljónir dala, líkt og áður sagði. Benda sérfræðingar bankans á að útlit sé fyrir að launakostnaðurinn hækki um ríflega 100 milljónir dala á milli ára.

Í afkomutilkynningu Icelandair Group er tekið fram að helmingur hækkunarinnar á launakostnaði skýrist af styrkingu íslensku krónunnar gagnvart dalnum, en nær allur launakostnaður samstæðunnar er í krónum.

Þá hafi stöðugildum samstæðunnar fjölgað á tímabilinu og laun samkvæmt samningum hækkað. Fjölgun stöðugilda megi rekja til annars vegar fjölgunar áhafna vegna vaxtar félagsins og hins vegar til þess að ákveðið hafi verið að „vinna ákveðnu vinnu með eigin starfsmönnum í stað þess að kaupa þjónustuna af þriðja aðila“. – kjj



# Rekstrartap Valitors jókst um milljarð

EBITDA-hagnaður Valitors Holding var neikvæður um 650 milljónir króna í fyrra. Forsvarsmenn kortafyrirtækisins gera ráð fyrir að reksturinn verði arðbær innan fimm ára. Viðskiptum félagsins við stærsta samstarfsaðila sinn, bandaríska fyrirtækið Stripe, verður hætt á þessu ári. Miklar fjárfestingar eru í pipunum.

Eignarhaldsfélagið Valitor Holding, dótturfélag Arion banka, skilaði um 1.483 milljóna króna rekstrartapi í fyrra og jókst það um rúmlega 1.070 milljónir á milli ára. Þá var afkoma greiðslukortafyrirtækisins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) neikvæð um 648 milljónir, sem er meðal annars tilkomið vegna 275 milljóna einskiptiskostnaðar, miðað við EBITDA-hagnað upp á 416 milljónir á árinu 2016.

Fram kemur í skýringum með nýbirtum ársreikningi að gert sé ráð fyrir því í fimm ára áætlun kortafyrirtækisins að það skili rekstrarhagnaði innan faeinna ára og að reksturinn verði orðinn arðbær innan næstu fimm ára. Í skýringunum segir jafnframt að síðasta ár hafi verið „krefjandi“ og sú verði áfram raunin á næstu árum á meðan samstæðan haldi áfram að fjárfesta í nýjum lausnum sem muni skila auknum tekjum í framtíðinni. Samstæðan fórni þannig „skammtímahagnaði fyrir lengri tíma virðis-sköpun“.

Í bréfi Viðars Þorkelssonar, forstjóra Valitors, sem birt er með ársreikningnum, segir hann að stjórn félagsins hafi samþykkt í desember á síðasta ári nýja stefnu þar sem áhersla er lögð á auknar fjárfestingar í rannsóknum og þróun og jafnframt sölu- og markaðsmálum.

Valitor hefur vaxið hratt á erlendri grundu á undanföllum árum, meðal annars með yfirtöku fyrirtækja, en sem dæmi keypti félagið bresku greiðslumiðunarfyrirtækin Chip and Pin Solutions og IPS fyrir samtals 1.450 milljónir króna á síðasta ári.

Eva Cederbalk, stjórnarformaður Arion banka, sagði í viðtali við ViðskiptaMoggann fyrr á árinu að áform væru um frekari vöxt Valitors erlendis. Líkt kallaði á umtalsverða fjárfestingu sem væri ekki án áhættu. „Ég myndi telja æskilegt fyrir framtíð þess félags að til dæmis fjölga í eiginahópi eða breyta eignarhaldi með einhverjum hætti,“ sagði hún.

### Missa stóran viðskiptavin

Viðar nefnir að kortafyrirtækið hafi glímt við miklar áskoranir á síðasta ári. Fyrir það fyrsta hafi styrking krónunnar hækkað kostnað félagsins, en meiri hluti tekna þess sé í erlendri mynt, og það sama megi segja um launahækkunar. „Greinendur gera ekki ráð fyrir því að krónan veikist í nánustu fram-



Greiðslukortafyrirtækið Valitor hefur vaxið hratt á undanföllum árum, meðal annars með yfirtökum á breskum fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Greinendur gera ekki ráð fyrir því að krónan veikist í bráð þannig að til þess að bregðast við því greip Valitor til skipulagsbreytinga um haustið.**

Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors



tíð, þannig að til þess að bregðast við því greip Valitor til skipulagsbreytinga um haustið,“ nefnir Viðar í bréfinu. Rekur hann að hluti starfsmannar hafi verið færður úr landi og til skrifstofu Chip and Pin Solutions í Bretlandi.

Rekstrargjöld félagsins námu 21,5 milljörðum króna á síðasta ári og hækkuðu um 38 prósent á milli ára. Þar af námu laun og launatengd gjöld 3.645 milljónum króna á árinu og hækkuðu um tæp 30 prósent á milli ára, en starfsmönnum samstæðunnar fjölgaði alls um 88 á árinu. Voru þeir 360 talsins á sex skrifstofum félagsins í lok árs 2017.

Viðar greinir auk þess frá því að stærsta samstarfsfyrirtæki Valitors hafi tilkynnt félaginu að það hafi hug á því að bjóða sjálf upp á sömu þjónustu og Valitor veitir. Verður viðskiptum félagsanna hætt á þessu ári. Valitor hefur frá sumrinu 2015 starfað sem færsluhirðir fyrir umrætt félag, hið bandaríska Stripe, en saman unnu félögin að því að innleiða greiðsluleiðina ApplePay í Bretlandi. Valitor var á sínum tíma eitt af sex fyrirtækjum úr hópi 150 fyrirtækja á Evrópumarkaði til þess að þjónusta ApplePay. Segir Viðar að

ákvörðun Stripe muni hafa neikvæð áhrif á tekjur kortafyrirtækisins.

Í þriðja lagi nefnir forstjórinn að vaxandi samkeppni á greiðslumarkaði setji þrýsting á framlegð. Tækniþróun hafi aldrei verið örari en á síðustu árum og þá muni breytt löggjöf, sér í lagi nýjar reglugerðir Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu og persónuvernd, hafa mikil áhrif á markaðinn.

Rekstrartekjur Valitors Holding námu tæpum 20 milljörðum króna á síðasta ári og jukust um 4,9 milljarða á milli ára. Hagnaður samstæðunnar nam 940 milljónum króna en hann skýrist að miklu leyti af hlutdeild Valitors í tekjum Visa í Evrópu en hlutdeildargreiðslan er tilkomin vegna valréttar í tengslum við samruna Visa Inc. og Visa í Evrópu í nóvember 2015. Stjórn greiðslukortafyrirtækisins lagði til að ekki yrði greiddur út arður í ár vegna síðasta rekstrarárs.

### Ekki aðgreint frá Arion að sinni

Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum réð andstaða innan stjórnkerfisins og á meðal sumra ráðherra ríkisstjórnarinnar mestu um að fallið var frá áformum um að aðgreina Valitor frá Arion banka áður en kemur að skráningu, þannig að bréf félagsins yrðu greidd út í arð til hluthafa.

Einstakir ráðherrar mátu það svo að slík arðgreiðsla væri ekki til þess fallin að auka traust á fjármálakerfinu og færi mögulega gegn ákvæðum stöðugleikaskilyrða Kaupþings.

Kaupþing, sem hyggst selja allt að 55 prósent hlut sinn í bankanum í útboði síðar á árinu, taldi sér ekki fært að fara gegn afstöðu stjórnvalda í þessu máli. hordur@frettabladid.is, kristinningi@frettabladid.is

## Brimgarðar selt fjögur prósent í Kviku

Eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem er í eigu systkinanna Eggerts Árna, Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs og Halldórs Páls Gíslabarna, hefur minnkað eignarhlut sinn í Kviku banka um ríflega fjórar prósentur, jafnvirði um 580 milljóna króna miðað við núverandi gengi bréfa bankans, frá því að Kvika var skráð á First Northmarkaðinn í mars síðastliðnum.

Félagið fer nú með 1,63 prósent hlut, sem er metinn á um 235 milljónir króna, en eignarhluturinn var 4,68 prósent þegar bankinn var skráður á markað. Brimgarðar seldi alls um 1,9 prósent hlut í bankanum í síðasta mánuði.

Þá hefur Arion banki, fyrir hönd viðskiptavina, haldið kaupnum sínum á bréfum í Kviku áfram. Bankinn heldur nú á um 3,2 prósent hlut í Kviku en hluturinn var um 2,1 prósent í byrjun síðasta



Kvika banki var skráður á markað 16. mars síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mánaðar. Ekki er vitað hvaða fjárfestir stendur á bak við hlutinn.

Tveir sjóðir í rekstri sjóðastýringarfyrirtækisins Akta, sem var stofnað árið 2013 og byggir á grunni sjóðastýringar innan Kviku og forvera bankans, eru jafnframt komnir á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa bankans með samanlagt 2,8 prósent hlut. Um er að ræða fagfjár-

festasjóðina Akta HS1, sem heldur um 1,7 prósent hlut, og Akta HL1 með 1,1 prósent hlut.

Gengi hlutabréfa í Kviku stóð í 7,9 krónum á hlut við lokun markaða á mánudag en það er sama og gengi bréfanna var í lok fyrsta viðskiptadags 16. mars. Fyrir skráningu var algengt verð í viðskiptum með bréf í bankanum 6,5 krónur á hlut. – kjj

Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND**

– Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

**sart** SAMTÖK RÁFVERKTAKA



MIDVIKUDAGUR 2. MAÍ 2018

Tíska



Íslenska bútasamsfélagið er á leið til Kanada með yfir hundrað bútasamsverk. Það er þekkt fyrir handsaumuð Hetju-teppi sín og saumar nú Hjartapúða fyrir konur eftir brjóstauppskurð.

→4

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ IS



Pétur Pétursson, sölustjóri Fóðurblöndunnar, gengur svo langt að kalla Blákornið forystuáburð fyrir hinn almenna ræktanda hér á landi. MYNDIR/EYÞÓR

# Af hverju næringarefni?

Það styttest í sumarið og nú er kominn tími til að undirbúa garðinn. Fóðurblandan býður upp á Blákorn sem er klæðskerasaumaður áburður fyrir íslenskar aðstæður og hentar jöfnum höndum á grasið, kartöflu- og grænmetisbeðin, kryddjurtir og blómin. Frábær áburður fyrir alla garðyrkju. →2



Pétur Pétursson er stoltur af Bláskorninu og öðrum vörum Föðurblandunnar. Hann ítrekar þó að alltaf verði að fara eftir leiðbeiningum á pakkningum. MYND/EYÞÓR

#### Framhald af forsiðu →

**B**lákornið frá Föðurblandunni er svo sannarlega áburður sem er klæðskerasumaður fyrir íslenskar aðstæður og hentar jöfnum höndum á grasið, kartöflu- og grænmetisbedin, kryddjurtir og blómin. Pétur Pétursson, sölustjóri Föðurblandunnar, gengur svo langt að kalla Blákornið forystuáburð fyrir hinn almenna ræktanda hér á landi. „Gróður og plöntur fá ekki betri næringu en Blákornið. Það hefur verið geysilega vinsælt hér á landi undanfarna áratugi og eru viðskiptavinir okkar mjög ánægðir með virkni þess. Blákornið er í stöðugri þróun og það sem helst hefur breyst síðustu ár er að nú er að vatnsleysanleiki fosfórsins í korninu yfir 90% en var áður rúmlega 60%. Það þýðir enn betri virkni í svona stuttu vaxtarskeiði sem við búum við hér á landi. Áburðurinn byrjar því að virka mjög fljótt þar sem hann leysist fljótt upp.“

#### Einstakt næringarefni

Að sögn Péturs byggist Blákornið upp á svokallaðri NPK formúlu en hún inniheldur m.a. köfnunarefni, fosfór og kalíum. „Ég líki þessari formúlu gjarnan við hlutverk mannslikans og þannig átta flestir sig betur á virkni Blákornsins og áburðar sem Föðurblandan selur. Köfnunarefnið er það einstaka næringarefni sem grasplanta þarf mest á að halda og líki ég því gjarnan við það hlutverk sem vessar og blóð gegna fyrir mannslikamann. Það hefur einnig mjög jákvæð áhrif á blaðgrænuna og ekki síður ljóstillifun þegar sólin er komin hátt á loft og birtan verður meiri og lengri yfir daginn. Köfnunarefnið



Föðurblandan býður upp á graskorn, trjáskorn og bláskorn. Einnig má nefna kalk, þá helst túrbókalkið, sem hefur komið mjög vel út síðustu árin. Þetta eru allt nauðsynlegar vörur nú þegar tími garðvinnunnar hefst. MYND/EYÞÓR

er líka mikilvægt fyrir aminosýrurnar sem mynda öll próteinin og einnig fyrir flutning næringarefna um plöntulíkamann.“

#### Styrkir og bætir

Næst nefnir Pétur fosfór sem hann segir vera í erfðavísu allra lífvera og hafi t.d. mjög jákvæð áhrif á ræturnar og fræspírur. „Óhætt er að segja að fosfór sé lífsnauðsynlegur fyrir stöðkerfi plantna og erfðavísu en í Blákorninu, og reyndar í Graskorni líka, leysist hann vel

og fljótlega upp. Því má líkja fosfórnum í plöntunni til beina og sína og eins við kynþroskann vegna fræspírunarinnar.“

Að lokum nefni Pétur kalíum sem hann segir styrkja hita-, kulda- og þurrkþol plantna. „Einnig má nefna að traðkþolið eykst því kalíumíð myndar n.k. skel fyrir bæði hita, kulda, þurrki og traðki og er fyrir vikið sambærilegt við hold og húð mannslikamans. Þannig má segja að grasið þoli fyrir vikið betur t.d. fótbolta og aðra fjöruga leiki.

Ekki má heldur gleyma að kalíum er nauðsynlegt fyrir kálið, gulrófur, gulrætur og kartöflur.“

#### Leiðbeiningar nauðsynlegar

Pétur segist aldrei ítreka það nógu oft að fólk fari eftir notkunarleiðbeiningum sem fylgja Blákorni og öðrum vörum Föðurblandunnar. „Líkt og með annan áburð má ekki nota of mikið eða of lítið af Blákorni en það getur farið illa með jarðveginn og plönturnar. Best er að fara einfaldlega eftir leiðbein-

Blákornið er í stöðugri þróun og það sem helst hefur breyst síðustu ár er að nú er að vatnsleysanleiki fosfórsins í korninu er núna yfir 90% en var áður rúmlega 60%.

Pétur Pétursson

ingunum og þá er eiginlega hægt að lofa góðum árangri, þ.e. að gera grasið grænna, rækta matjurtir og stækka rótina þannig að plantan verði öflugri og lifi veturinn af. Svo er gott að gefa grasinu/plöntunni smá skammt rétt áður en vetur gengur í garð því þá tekur plantan betur við sér á vorin.“


#### Nauðsynlegar vörur

Þótt Blákornið sé vinsælasta varan í áburðarflórinni hjá Föðurblandunni býður fyrirtækið á allan nauðsynlegan áburð fyrir íslenskar aðstæður. „Föðurblandan býður upp á graskorn, trjáskorn og bláskorn. Einnig má nefna kalk, þá helst túrbókalkið, sem hefur komið mjög vel út síðustu árin. Það er mjög fljótleysanlegt kalk sem er nauðsynlegt því jarðvegurinn hleypur upp í síru yfir veturinn. Þá er gott að gripa inn í til að fá ph-gildið niður í basann. Áburðurinn er nefnilega náttúruleg næring fyrir bæði gras og matjurtir og gefur plöntunni að borða svo eitthvað verði úr henni.“

Nánari upplýsingar má finna á [www.fodur.is](http://www.fodur.is).

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

Með öllum keyptum steinum í Apríl fylgja 2 hvítir spörfuglar að verðmæti 18.800,-kr eða 1 hvít dúfa að verðmæti 12.900,-kr

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



MÖRKIN 4  
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS

\*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppselðar vörur.

# Bútasaumsævintýri í Kanada

Íslenska bútasaumsfélagið fer nú í maí til Kanada með yfir hundrað bútasaumsverk. Það er þekkt fyrir handsaumuð Hetjuteppi sín og saumar nú Hjartapúða fyrir konur eftir brjóstauppskurð.

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Hér á landi varð bútasauður ekki almennilega þekktur fyrr en um og eftir 1990,“ segir Margrét Ósk Arnadóttir, formaður Íslenska bútasaumsfélagsins. Hún segir handverk hafa fylgt manningnum frá örófi alda, bæði til nytja og skrauts. „Ein tegund handverks er bútasauður, sem lengi var nær eingöngu notaður í nytjahluti en hefur smátt og smátt færst úr því að vera nytjalist yfir í eitthvað miklu meira því þörfin fyrir að skapa fallega hluti er sterk.“

## Sitja ekki aðgerðalaugar

Íslenska bútasaumsfélagið var stofnað um síðustu aldamót og voru félagar þá um 140. Nú eru þeir rúmlega 400 um land allt. Yfir veturinn eru haldnir mánaðarlegir félagsfundir og kennir þar ýmissa grasa; kynningar og fyrirlestrar, meðal annars um endurvinnslu á gallabuxum, endurnýtingu leðurklæða og ferðasögur af erlendum sýningum.

„Við höldum fyrsta aðalfund Bútasaumsfélagsins utan Reykjavíkur nú í apríl, á Blönduósi. Það tókst afar vel til og mættu á þriðja tug hressra kvenna til að taka þátt í þéttri og afar skemmtilegri dagskrá. Flestar voru komnar norður seinni hluta föstudags og fljótlega voru komnar saumavélar á öll borð í salnum, skurðarborð, strauborð og straujárn, en líka þrjóna- og hekluverkefni fyrir þær sem ætluðu sér ekki að sitja aðgerðalaugar eitt andartak,“ segir Margrét kát.

Nokkur örnámskeið voru haldin þessa helgi. Margrét Óskarsdóttir kenndi að sauma laufblöð á efni sem leysist upp í vatni og Dagbjört Guðmundsdóttir kenndi aðferð við að búa til myndir úr bútum og öðru efni. Þá kenndi Kolbrún Símonardóttir aðferðir við pappírssaum, Ásdís Finnsdóttir frihendis útsaum í vél og höndum og trévatnslitun, og Anna Margrét Valgeirsdóttir sýndi hvernig hægt er að sauma innkaupa- og grænmetisþoka úr gömlum fötum.

## Hetjuteppi og Hjartapúðar

Bútasaumsfélagið hefur árum saman saumað Hetjuteppi sem gefin eru langveikum börnum.



Margrét Ósk Arnadóttir er formaður Íslenska bútasaumsfélagsins. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Ekki spillir að eiga forsetafrú sem er af kanadískum ættum.

Markmið okkar er að allar konur sem gangast undir brjóstauppskurð fái Hjartapúða.

Teppin koma alls staðar að og eru jafnfjölbreytt og þau eru mörg. „Í vetur settum við á lagginnar nýtt verkefni sem er að sauma svokallaða hjartapúða handa konum sem gangast undir brjóstauppskurð. Púðarnir eru hjartalaga að einhverju leyti og notaðir til að hlífa skurðsvæðinu og halda handleggjum frá því að nuddast við það,“ útskýrir Margrét. „Markmið okkar er að allar konur sem gangast þurfa undir brjóstauppskurð geti fengið slíkan púða.“

Bútasaumsfélagið gengst reglulega fyrir sýningum af ýmsu tagi, bæði hér á landi og í útlöndum. Félagið er aðili að samtökunum EQA (European Quilt Association) sem heldur árlega sýningu á bútasaumi í Birmingham.

„Í ár er þemað „Boundaries“ eða „Mörk“ og sendum við átta verk auk þess að taka þátt í þemaverkefnum. Einnig sendir hvert land frá sér verk sem í heild sýna fjölbreytileika Evrópu,“ útskýrir Margrét.

Fyrir nokkru barst Bútasaumsfélaginu boð um að halda sýningu á íslenskum bútasaumsveppum í Kanada.

„Forsaga málsins er að lítill bær í Kanada, Ailsa Craig, fær árlega styrk til að bjóða heim félögum úr bútasaumsfélagi annars lands, með sýningu og kynningu á landinu,“ segir Margrét um hátíðina sem nefnist „Ailsa Craig Quilt & Fibre Arts Festival“ og fer fram dagana 21. til 25. maí.

„Í ár varð Ísland fyrir valinu og þeir félagar okkar sem fara kenna sitthvað sem snertir bútasaum eða handverk sem einkennir landið okkar. Við ætlum að sýna Kanadabúum yfir hundrað teppi og bútasaumsverk og halda fyrirlestra um Ísland. Þetta er frábært tækifæri til að kynna land og þjóð fyrir Kanadabúum, en eins og kunnugt er búa þar fjölmargir afkomendur Íslendinga sem fluttu vestur um haf fyrir margt löngu. Ekki spillir svo að eiga forsetafrú sem er af kanadískum ættum,“ segir Margrét, full tilhlökkunar.

Sjá nánar á butasaumur.is



Hér má sjá verk úr endurunnum gallabuxum og úrval Hjartapúða sem eru nýtt verkefni Bútasaumsfélagsins.



Dagbjört Guðmundsdóttir kenndi listasaum á nýafstöðnum aðalfundi Bútasaumsfélagsins á Blönduósi. Þetta var útkoman með aðkomu allra sem prófuðu. Verkið fékk nafnið Blanda.

Fimmtudaginn 10. maí gefur Fréttablaðið út aukablaðið

## ÚT AÐ HJÓLA

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólreiðum á Íslandi. Allir sem stunda hjólreiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Á meðal þess sem finna má í blaðinu er umfjöllun um ýmis hjólamót í sumar, spjallað við hjólafjölskyldu sem nýtir samverustundir til að hjóla saman, forvitnast er um starfsemi hjólaklúbba, farið yfir forvarnir og öryggismál hjólreiðafólks og spjallað við nokkra hressa þátttakendur í átakinu Hjólað í vinnuna. Þetta og margt fleira áhugavert er að finna í þessu áhugaverða blaði sem er ómissandi fyrir allt hjólafolk.



Nánari upplýsingar um auglýsingar og kynningarumfjallanir veitir

Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími 512 5433 / olafurh@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





**HREYFING**

**ORKA - GLEÐI - ÁRANGUR**

Líkaminn og mataræðið tekið  
í gegn og þú verður sterkari,  
stæltari, eykur þrek og þol  
svo um munar og munt geisla  
af hreysti, orku og vellíðan

**Njóttu lífsins í  
þínu besta formi  
í sumar**

**SUMMAR**  
**ÁSKORUN**

**4 vikna námskeið fyrir konur**

**Hefst 7. maí**

**Nánari upplýsingar og skráning á [hreyfing.is](http://hreyfing.is)**

**Hreyfing - Álfheimar 74 - S: 414-4000**



Pottaplöntufyrirlestur verður á Bókasafni Kópavogs í dag.

## Pottaplöngur: Umpottun og umhirða

Umönnun pottaplantna verður tekin fyrir á Bókasafni Kópavogs á morgun, milli klukkan 17 og 18. Viðburðurinn er liður í erindaröð um vorverkin á safninu í apríl og byrjun maí.

„Eru pottaplöntur heima hjá þér? Veistu hvað þarf að gera til að þær þrífist og að þeim líði vel? Pottaplöntur í hibýlum skipta máli fyrir heimilisbrag og vellíðan þeirra sem nálægt þeim eru, en að fást við pottaplöntur er líka skapandi og skemmtilegt tómstundagaman.“

Hafsteinn Hafliðason, garðyrkjufraeðingur flytur erindi um pottablóm og svarar fyrirspurnum gesta en Hafsteinn heldur úti hópnum Stofublóm, inniblóm, pottablóm á Facebook þar sem hann ráðleggur fólki um val og umönnun plantna.



Orkurík og bragðgóð milli mála.

## Döðlustykki með chia

**1 bolli steinlausar döðlur**  
**1 bolli kasjúhnetur**  
 eða aðrar hnetur  
**½ bolli þurrkaðar apríkósúr**  
**½ bolli þurrkuð kirsuber**  
**½ bolli ósætar kókosflögur**  
**2 msk. chia-fræ**

Skellið öllu hráefninu í matvinnsluvél og púlsið nokkrum sinnum þar til allt er orðið finnmöl-uðum massa. Deigið ætti að tolla vel saman.

Leggið plastfilmu á bretti og hellið massanum á filmuna. Mótið í ferning í heppilegri þykkt, leggið aðra plastfilmu yfir og frystið eða kælið þar til deigið er orðið nógu stift til að skera það í stykki. Þá mætti pakka hverju stykki fyrir sig inn í plast og frysta.

## Heimagerð grillsósa

Nú er grilltíminn að hefjast fyrir alvöru. Þá er auðvitað frábært að nota BBQ-sósu sem maður hefur búið til sjálfur. Hér er ein svaka góð sem hentar fyrir allar gerðir af kjöti. Uppskriftn ætti að gefa um 5 dl af sósu.

**6 tómatar**  
**1 laukur**  
**2 hvítlauksrif**  
**½ dl rauðvinsedik**  
**1 tsk. Worcestershire-sósa**  
**1 dl hrásykur**

**Smávegis salt**  
**2 msk. chili-sósa eða tómatsósa eftir smekk**  
**1 msk. chipotle-sósa**  
**1 rauður chili-pípar, smátt skorinn**  
**1 dl vatn**

Skerið tómata í bita og setjið í pott. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og skerið mjög smátt. Blandið öllu öðru í pottinn og látið suðuna koma upp. Látið malla í 15 mínútur. Takið af hitanum og maukið með töfrasprota.



Grillsósar eru mismunandi. Ef maður gerir sósuna sjálfur er hún auðvitað best.

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:



SMÁRALIND



bóksala stúdenta

Háma




KJÖRBÚÐIN

Krambúð

nettó

NI

olis



FRÉTTABLAÐIÐ  
 mest lesna dagblað landsins.

# Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin allan virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki

### STÓRA BÍLASALAN



SUZUKI Vitara GLX Diesel Sjálfskiptir. Árgerðir 2017, eknir ca. 27-30 þ.KM, Verð 3.590.000. Rnr.150059.

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
<http://www.stora.is>



Suzuki mótorkjól Komdu og kíkту við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
[suzukisport@suzuki.is](mailto:suzukisport@suzuki.is)  
[Suzuki.is](http://Suzuki.is) / [suzukisport.is](http://suzukisport.is)

## Bátar



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum! Nánar um bátana á [veidiportid.is](http://veidiportid.is) Veidiportid Grandagarði 3 101 Reykjavík 552-9940

## Varahlutir

**VAKA**  
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!  
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA  
  
Sími: 567 6700 | [vakahf.is](http://vakahf.is)

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA.** Getum bætt við okkur verkefnum. Afhlíða bókhaldspjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða [olafur@retta.is](mailto:olafur@retta.is).

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**k2**  
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná [www.k2.is](http://www.k2.is)

## Nudd

### NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

### SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845

Spáir í spil og bolla. Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

## Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Óskast keypt

### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR


Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar [jonogoskar.is](http://jonogoskar.is) s.552-4910

## Til bygginga



### HARÐVIDUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.



## HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!



**Startrailer 1280**  
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm. Verð: 121.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**  
Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 205x131x35 cm. Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**  
Opnanleg að framan. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**  
Sturtanleg. 750 kg. Mál: 251x131x35 cm. Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**  
Opnanleg að framan. 1300 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**  
Opnanleg að framan. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.



**Flatvagnar**  
Ýmsar stærðir og gerðir. 2500 kg. Mál: 303x150x35 cm. Verð frá: 512.000 kr. án vsk., en með skráningu.

## Topplausnir

www.Topplausnir.is - S: 5177710  
Smiðjuvegi 40 gul Gata. Kópavogi. Veitum upplýsingar í síma: 517 7718. Heimasíða: [www.topplausnir.is](http://www.topplausnir.is)

## RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hugar bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)

**intellecta**

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



## Tilboð

Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.500.-

Verið hjartanlega velkomin.

Tímappantarnir í síma 789 3031 & 897 3035, [helgasig2@gmail.com](mailto:helgasig2@gmail.com) eða á facebook síðu: [Facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og [nuddstofan smart](https://www.facebook.com/nuddstofan-smart)

## Heilsa

## Nudd

## HEILSUNUDD

Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254

## Heimilið

## Barnavörur



## SYSTKINA VAGN/KERRA

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

## FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m<sup>2</sup>. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun



## HÖNNUN

## VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

Óskum eftir hressu fólki til að vinna á matarvögnum staðsettum í Reykjavík næg vinna í boði Uppl. Kobbí@humarsalan.is

## Atvinna óskast

## SMÍÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR - LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smíðir, verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Atvinna

## Rótgróin fasteignamiðlun leitar að ritara til starfa hálfan daginn

Starfið felst í afgreiðslu viðskiptavina, símsvörum, skjalavinnslu og almennum ritarastörfum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa góða þjónustulund, vera stundvís og geta hafið störf sem fyrst. Söluhæfileikar er kostur. Áhugasamir sendið inn svar á hrannar@frettabladid.is merkt Ritari-0709.

## Fasteignir

## EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá Elsta starfandi fasteignasala landsins

1957

## Logaland 23 - 108 Reykjavík




OPIÐ HÚS

Mjög fallett talsvert endurnýjað raðhús á pöllum í Fossvogi. Húsið er skráð 228,7 fm, þar af er bílskúr 25,6 fm. Suðursvalir. Mjög gott útsýni. Stór timburverönd í suður. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Frábær staðsetning. Verð 84,9 millj.

Opið hús miðvikudaginn 2. maí milli 17:15 og 17:45.

Nánari uppl. veitir: Kjartan Hallgeirsson lg.fs. kjartan@eignamidlun.is s. 824 9093

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



Ný tækifæri,  
nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

www.hagvangur.is

## Fasteignir

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærstedt lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is



KJARNAN - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS

## Gerplustræti 31-37 - 270 Mosfellsbær



Nýtt 40 íbúða fjölbýlishús á fallegum útsýnisstað. Vel skipulagðar íbúðir, ásamt bílastæði í bílageymslu, í lyftuhúsi í Helgafellshverfi. Íbúðirnar skilast fullbúnar með innréttingum frá Axis, án megin gólfefna. Gólf í baðherbergjum/þvottahúsum verða flísalögð. Verið er að reisa glæsilegan leik- og grunnskóla í hverfinu, Helgafellsskóla. Afhending í maí og júní 2018.

3ja herbergja íbúðir. V. 44,5 m.

4ra herbergja íbúðir. V. 44,5 m. - 58,9 m.

5 herbergja íbúðir. V. 53,9 m. - 54,9 m.

Hringdu og bókaðu skoðun

## Svöluhöfði 12 - 270 Mosfellsbær



Opið hús fimmtudaginn 3. maí frá kl. 17:00 til 17:30

Glæsilegt 318,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Svöluhöfða 12 í Mosfellsbæ, m/möguleika á aukaíbúðarrými. V. 104,9 m.

## Markholt 10 - 270 Mosfellsbær



Opið hús fimmtudaginn 3. maí frá kl. 18:00 til 18:30

203 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með rúmgóðum bílskúr. Stórt stept bílplan og stept verönd. Búíð er að skipta um þak á húsinu, skipta um skóplagnir, drenlagnir kringum hús og bílskúr. V. 66,9 m.

## Laxatunga 143 - 270 Mos.



224,6 m<sup>2</sup> einbýlishús í byggingu á frábærum útsýnisstað neðst í botnlanga. Húsið er timburhús, klætt að utan með lituðu bárujárnri. Húsið verður afhent í júlí 2018. Á byggingars-tigi 4 með fohkheldisvottorði með viðbótum skv. nánari lýsingu. V. 67,9 m.

## Berjarmi 28 - 112 Rvk.



Falleg og björt 74,3 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð með sérinnangi á 2. hæð ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu. Eignin skiptist í svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. Rúmgóðar svalir í vestur með fallegu útsýni. V. 34,9 m.

## Barðastaðir 23 - 112 Rvk.



Falleg 82,6 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á jarðhæð. Góð staðsetning, stutt er í grunn- og leikskóla og á golfvöll. V. 38,5 m.

## Háaleitisbraut 44 - 108 Reykjavík



Opið hús fimmtudaginn 3. maí frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg 70,2 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð með sérinnangi á jarðhæð við Háaleitisbraut 44 í Reykjavík. Góð staðsetning, stutt í skóla, leikskóla og verslun. Eignin getur verið laus fljótlega. V. 33,9 m.

## Spóahöfði 4 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 175,1 m<sup>2</sup> raðhús með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Á millilofti er sjónvarpsstofa og vinnuastaða. Tvær timburverandir og stórt hellulagt bílplan með hitalögn. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælum stað í Mosfellsbæ, stutt er í grunnskóla, leikskóla og sundlaug. V. 74,9 m.

## Grenibýggð 24 - 270 Mosfellsbær



Mjög fallett 171 m<sup>2</sup> parhús á einni hæð með bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og bílskúr. Tvær timburverandir. Stórt hellulagt bílplan. Mikil lofthæð er í húsinu sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. V. 73,9 m.

## Klukkuholt 21 - 225 Garðabær



Fallegt 193,6 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Stórt hellulagt bílastæði með snjóbræðslu. Falleg frágengin lóð. Mjög stór timburverönd með heitum potti. Geymsluskúr á lóð. Gott skipulag og fallegar innréttingar. Stórir gólfísdir gluggar. Tvennar svalir. Fallegt útsýni. Frábær staðsetning. Mjög stutt í skóla, leikskóla, sund og íþróttastöðu. V. 79,9 m.

# Sainsbury gæti þurft að selja verslanir

Breskir þingmenn óttast að yfirtaka Sainsbury á keppinautinum Asda muni leiða til uppsagna starfsfólks. Sameinað félag verður stærsta matvörukeðja Bretlands. Samkeppnisyrifvöld gætu sett samrunanum þau skilyrði að sameinað félag selji tilteknar verslanir.

Kristinn Ingi Jónsson  
kristinningi@frettabladid.is



Breskir þingmenn og greinendur hafa varað við því að risasamruni bresku matvörukeðjanna Sainsbury og Asda gæti leitt til þess að þúsundir missi vinnuna og tugum verslana verði lokað. Búist er við því að bresk samkeppnisyrifvöld gaumgæfi samrunann ítarlega.

Forsvarsmenn Sainsbury, sem er næststærsta matvörukeðja Bretlands, tilkynntu á mánudag um áform sín um að taka Asda, sem er í eigu bandaríska verslanarísans Walmart, yfir. Sameinað félag yrði stærsta matvörukeðja landsins með um þriðjungshlutdeild á markaðinum. Markaðsvirði þess, að teknu tilliti til skulda, yrði um 15 milljarðar punda eða sem jafngildir um 2.080 milljörðum króna.

Walmart fær hluta kaupverðsins, þrjú milljarða punda, greiddan í peningum og hluta með hlutabréfum, en bandaríska félagið mun eignast 42 prósent hlut í sameinuðu félagi. Það hefur hins vegar samþykkt að fara aðeins með 29,9 prósent atkvæðaréttar til þess að þurfa ekki að gera yfirtökutilboð í allt félagið.

Fjárfestar tóku tíðindunum fagnandi en til marks um það snarhækkðu hlutabréfi Sainsbury um 14,5 prósent í verði eftir að tilkynnt var um kaupin á mánudag. Ýmsir breskir stjórnálmenn voru ekki eins ánægðir, að því er fram kemur í fréttaskýringu Financial Times, og sögðust efast um að loforð stjórnenda fyrirtækjanna um að engum verslunum yrði lokað og engum starfsmönnum sagt upp væru trúanleg.

Hillary Benn, þingmaður Verkamannaflokksins, nefndi til dæmis að búast mætti við uppsögnum í borginni Leeds, þar sem höfuðstöðvar Asda eru, og þá sagði Rachel Reeves, formaður viðskiptanefndar breska þingsins, að starfsfólk keðjanna væri „ótrúlega áhyggjufullt“ yfir stöðu sinni.

Rebecca Long-Bailey, sem fer með viðskiptamál í skuggaráðuneyti Verkamannaflokksins, sagði það „áridandi“ að bresk samkeppnisyrifvöld grandskoðuðu áhrifin sem samruninn gæti haft á birgja. Varaði hún jafnframt við því að sameinað félag gæti skapað sér því sem næst einokunarstöðu á matvörumarkaði.



Sameinað félag Sainsbury og Asda verður stærsta matvörukeðja Bretlands með um þriðjungshlutdeild. Ekki er búist við því að samkeppnisyrifvöld komi í veg fyrir samrunann en þau gætu sett honum ströng skilyrði. NORDICPHOTOS/GETTY

## 15

milljarðar punda verður markaðsvirði sameinaðs félags Sainsbury og Asda.

### Hvað segir eftirlitið?

Þegar fyrst var tilkynnt um kaupin sögðust forsvarsmenn Sainsbury og Asda ekki eiga von á því að þurfa að selja eða loka verslunum yrðu kaupin að veruleika. Bæði vörumerkin yrðu áfram notuð og höfuðstöðvar Asda yrðu á sínum stað. Lofuðu þeir því jafnframt að verð í verslunum þeirra myndi lækka um allt að tíu prósent.

Síðar um daginn viðurkenndu þeir þó að ekki mætti útiloka með öllu að einhverjum verslunum yrði lokað eða fermetrum þeirra fækkað. Það ylti á því hvaða afstöðu samkeppnisyrifvöld tækju til samrunans. Greinendur telja ekki ósennilegt að yrifvöld muni setja samrunanum þau skilyrði að sameinað félag selji tilteknar verslanir og veiki þannig markaðsstöðu sína.

Breska samkeppniseftirlitið sagði á mánudag að líklegt væri að það tæki kaupin til skoðunar. Fyrst yrði rætt við forsvarsmenn matvörukeðjanna og í kjölfarið hæfist

### Samrunar fyrir 120 milljarða dala á mánudag

Tilkynnt var um samruna og yfirtökur fyrir meira en 120 milljarða dala, jafnvirði um 12.112 milljarða króna, síðastliðinn mánudag. Samkvæmt gögnum frá Dealogic nemur heildarvirði samruna á árinu um 1.700 milljörðum dala en upphæðin hefur aldrei áður verið hærrí á þessum tíma ársins.

Í frétt Financial Times segir að aukningin í samrunum og yfirtökum sé drifin áfram af háu hlutabréfaverði, ódýru lánsfé og myndarlegum hagvexti á heimsvísu.

Tilkynnt var um óvenjumarga stóra samruna í upphafi vikunnar. Til viðbótar við yfirtöku Sainsbury á Asda samþykkti stjórn bandaríska fjarskiptarísans T-Mobile að festa kaup á einum helsta keppinauti sínum, fjarskiptafyrirtækinu Sprint, fyrir 59 milljarða dala, en viðskiptavinir sameinaðs félags verða yfir 127 milljón talsins.

Auk þess var tilkynnt um 36 milljarða dala yfirtöku olíuhreinsunarísans Marathon Petroleum á keppinautinum Andeavor, en kaupin eru þau verðmætustu í olíugeiranum í yfir tvö ár.

„Það er meira í vændum,“ segir Lee Le Brun, framkvæmdastjóri hjá Rothschild-bankanum. „Það eina sem gæti komið í veg fyrir frekari samruna væri eitthvað utanaðkomandi eða pólitískt áfall. En svo lengi sem tónlistin hljómar mun dansinn duna.“

formleg rannsókn. Keðjurnar hafa þegar beðið eftirlitið um að hraða rannsókninni. Eru vonir bundnar við að yfirtakan gangi að fullu í gegn haustið 2019.

„Yfirtakan gæti auðveldlega farið út um þúfur ef CMA [breska samkeppniseftirlitið] heldur sig við sínar gömlu reglur og mælikvarða,“ segir Bruno Monteyne, greinandi hjá eignastýringarfyrirtækinu Bernstein. Samkvæmt útreikningum Patrick

O'Brien, rannsóknarstjóra hjá GlobalData, gæti sameinað félag þurft að selja í það minnsta 75 verslanir.

„Ég vona að þeir hafi fengið góða löfgræðilega ráðgjöf,“ segir stór hluthafi í Sainsbury í samtali við Financial Times, og vísar til stjórnenda félagsins. „Þeir telja greinilega að kaupin fái að ganga í gegn. Maður myndi halda að fyrirtækin hefðu farið rækilega yfir öll samkeppnislegu álitamálin.“

Stærsti hluthafi Sainsbury, fjárfestingarsjóður Katars, sem fer með 22 prósent hlut í matvörukeðjunni, hefur sagst styðja yfirtökuna.

### Bregðast við breyttu umhverfi

Sérfræðingar telja að með kaupunum séu matvörukeðjurnar að leita leiða til þess að bregðast við aukinni samkeppni, til dæmis frá þýsku lágvöruverðskeðjunum Aldi og Lidl og ekki síður netverslunum eins og Amazon, sem og breyttri kauphegðun neytenda. Nokkrir benda á að bresk samkeppnisyrifvöld hafi hingað til leyft fyrirtækjum á smá- og heildsólumarkaði að bregðast við breyttu umhverfi með sameiningum. Þannig keypti Sainsbury verslanakeðjuna Argos árið 2016 og Tesco, sem er stærsta matvörukeðja Bretlands, festi kaup á heildsalanum Booker í fyrra.

Fyrirverandi starfsmaður breska samkeppniseftirlitsins segir hins vegar í samtali við Reuters að forsvarsmenn Sainsbury og Asda megi ekki draga af viðtækar ályktanir af niðurstöðu eftirlitsins í umræddum samrunamálum. Samruni Sainsbury og Asda sé einfaldlega af annarri stærðargráðu. Samkeppnislegu álitamálin sem þau skapi skipti tugum.

Sameinað félag verður, eins og áður sagði, stærsta matvörukeðja Bretlands með meiri markaðshlutdeild en Tesco. David Tyler, stjórnarformaður Sainsbury, mun gegna stjórnarformennsku í sameinuðu félagi og Mike Coupe, forstjóri Sainsbury, mun stýra daglegum rekstri þess.

„Þetta er stórt tækifæri til þess að búa til nýtt og sterkt afl í breskri verslun,“ sagði Coupe. „Ég starfaði fyrir Asda áður en ég fór til Sainsbury, þekki menninguna og reksturinn vel og trúi því að fyrirtækin passi vel saman.“

Fraser McKeivitt, sérfræðingur hjá greiningarfyrirtækinu Kantar Worldpanel, segir að hægt sé að líta á kaupin sem vendipunkt á breskum matvörumarkaði. Sameinað félag gæti „gjörbreytt“ landslaginu.

Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hefur nokkuð hægst á söluvexti Sainsbury og Asda undanfarna mánuði samanborið við vöxt helstu keppinauta þeirra. Þannig jókst sala aðeins um 0,2 prósent hjá Sainsbury og 1,4 prósent hjá Asda á síðustu tólf vikum. Til samanburðar var vöxturinn 2,1 prósent hjá Tesco og 2,2 prósent hjá Wm Morrison, fjórðu stærstu matvörukeðju Bretlands. Á sama tíma stórkjóst sala þýsku lágvöruverðsverslananna Aldi og Lidl, sem hafa haslað sér völl í landinu, um allt að níu prósent.



## Kraftmiklir leiðtogar koma vel fyrir sig orði

Viltu vera leiðtogi sem nærð til fólks, endurspeglar öryggi og færð aðra í lið með þér á jákvæðan og faglegan hátt? Hvernig þú tjáir þig getur verið lykillinn að velgengni þinni í starfi. Námskeiðið Áhrifaríkar kynningar (High Impact Presentations) styrkir fagfólk til að miðla af öryggi og trúverðugleika til ólíkra áheyrendahópa.

### Það sem við förum yfir:

- Skapa jákvæð áhrif við fyrstu kynni
- Auka trúverðugleika
- Framsetning á flóknum upplýsingum
- Tjáning á áhrifaríkan hátt
- Hvetja aðra til framkvæmda
- Bregðast rétt við krefjandi aðstæðum
- Fá aðra til að fagna breytingum
- Koma fram í fjölmiðlum

16. maí og 30. maí • Nánar á dale.is

**Dale Carnegie®**

## Skotsilfur



## 70 milljarða virði?

Þegar umræðan um sölu ríkisins á hlut sínum í Arion banka stóð sem hæst fyrir á árinu fóru margir stjórnálamenn mikinn. Misgáfuleg ummæli voru látn falla og mátti um tíma halda að sumir legðu sig sérstaklega fram um að rugla umræðuna sem mest. Það á til dæmis við um þau orð **Gunnars Braga Sveinssonar**, þingmanns Miðflokksins, að Valitor, dótturfélag Arion banka, væri 60 til 70 milljarða virði. Ekki er nokkur leið að skilja hvernig Gunnar Bragi gat reiknað sig til þeirrar niðurstöðu en EBITDA félagsins var neikvæð um 650 milljónir í fyrra.



## Fari undir 10 prósent

Óvist er hvort og hvernær kaup Haga á Olis ganga í gegn eftir að Samkeppniseftirlitið neitaði að fallast á tillögur Haga, sem **Finnur Árnason** stýrir, að skilyrðum sem kaupunum yrðu sett. Líklegt er talið að eftirlitið vilji setja kaupunum ströng skilyrði sem felast meðal annars í því að takmarka atkvæðarétt lífeyrissjóða, sem eru stærstu eigendur félaganna, við val á stjórnarmönnum. Þá er jafnframt sá orðrómur á kreiki að samkeppnisfyrirvöld æski þess að lífeyrissjóðirnir LSR, sem á 14 prósent í Högum, og Gildi, sem á 13 prósent, minnki eignarhlut sinn niður fyrir 10 prósentin.



## Til fjölmiðlanefndar

**Gylfi Ólafsson**, hagfræðingur og fyrrverandi oddviti Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi, hefur verið ráðinn tímabundið sem verkefnastjóri hjá fjölmiðlanefnd. Er Gylfa ætlað að afla gagna og leggja mat á tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinnna fjölmiðla sem birtar voru í janúar síðastliðnum. Búist er við því að fyrstu hugmyndir fjölmiðlanefndar liggja fyrir í byrjun sumars. Menntamálaráðuneytið hyggst móta tillögur að bættu rekstrarumhverfi fjölmiðla á grundvelli tillagna nefndarinnar sem og vinnu Gylfa og fjölmiðlanefndar. Nefndin lagði meðal annars til að Ríkisútvarpið hyrfi af auglýsingamarkaði.



## Olíuverð ekki hærra í fjögur ár



Verð á Brent-hraólíu fór í síðustu viku yfir 75 dali á fatið og hefur það ekki verið hærra í fjögur ár. Olíuverð hefur hækkað skarpt undanfarið en hækkingin nemur allt að 20 prósentum frá því í febrúar. Hækkingin hefur einkum verið rakin til samkomulags OPEC-ríkjanna um að draga úr framboði á olíu en einnig er talið að frekari viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gegn Íran geti dregið enn frekar úr framboðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Innflæðishöft brjóta gegn EES



**Birgir Tjörvi Pétursson**  
lögmaður

Frá árinu 2016 hafa íslensk stjórnvöld lagt höft á innstreymi erlends fjármagns til landsins í tengslum við fjárfestingar útlendinga í skuldaþrefum og innstæðum á bankareikningum. Höftin birtast í skyldu þeirra til að binda fyrst 40% af slíkri fjárfestingu á vaxtalausni reikning í heilt ár. Það dettur þeim auðvitað ekki í hug að gera. Höftin skráfa því í reynd fyrir slíkt innstreymi frá erlendum fjárfestum. Mismunur af þessu tagi er bönnuð með lögum. Leiðir það af EES-samningnum, sem var lögfestur hér á landi árið 1993. Í 40. grein samningsins segir: „[...] skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-rikkjum né nokkur mismunur, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar.“

Við tiltekna aðstæður er hægt að

víkja frá þessari meginreglu samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga. Þetta gerðu íslensk stjórnvöld í kjölfar hrunsins árið 2008. Slík frávik eru meðal annars heimil ef aðildarríki stríðir við greiðsluvanda gagnvart útlöndum eða alvarleg hættu er á að slíkur vandi skapist. Sú staða var uppi fyrir áratug, en sömu sjónarmið eiga ekki lengur við.

## Alvarleg hættu á greiðsluvanda?

Íslensk stjórnvöld halda því hins vegar enn fram í samskiptum við eftirlitstofnun EFTA (ESA), sem annast eftirlit með því að reglum EES-samningsins sé fylgt, að skilyrði fyrir undanþágu frá þessu frelsi séu uppfyllt. Að enn sé alvarleg hættu á að Ísland lenti í greiðsluvanda við útlönd verði innflæðishöftum aflétt. Á sama tíma halda íslensk stjórnvöld aftur á móti hinu gagnstæða fram gagnvart öllum öðrum, jafnt inn á við sem á opinberum vettvangi.

Eftir reynsluna af hruninu skipuðu íslensk stjórnvöld svonefnt fjármála- stöðuleikaráð og því til ráðgjafar svokallaða kerfisáhættunefnd. Í ráðinu sitja fjármálaráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Frá því innflæðishöftin voru innleidd á árinu 2016 hefur aldrei verið minnst á það í fundargerðum ráðsins, þar sem greinargerðir kerfisáhættunefndar eru

til umfjöllunar, að hætta sé á alvarlegum greiðsluvanda gagnvart útlöndum. Þvert á móti segir til dæmis í slíkri umfjöllun í fundargerð ráðsins af fundi þess 9. október síðastliðinn: „Mat á stöðunni nú gefur ekki tilefni til þess að telja að fjármálastöðugleika sé með einhverjum hætti ógnað.“

## Engin ógn, staðan aldrei betri

Stjórnvöld hafa undanfarið tekið margsinnis djúpt í árinu um góða stöðu efnahagsmála á Íslandi. Hún hafi eiginlega aldrei verið betri. Þannig sagði til dæmis sérstaklega í tilkynningu fjármálaráðuneytisins hinn 19. desember 2016, í kjölfar fundar fjármálastöðugleikaráðs: „Erlend staða þjóðarþúsins er hin hagstæðasta í sögu landsins svo langt sem sambærileg gögn ná og með því hagstæðara sem gerist meðal þróaðra ríkja.“

Staðan hefur lítið versnað síðan þá. Ef marka má viðbrögð erlendis er hún almennt talin góð. Eftir að lánshæfismat ríkissjóðs hjá Fitch var hækkað í desember síðastliðnum gaf íslenska ríkið út 500 milljóna evra skuldabréf, sem seðlabankar og fagfjárfestar í Evrópu keyptu. Sagði fjármálaráðherra af því tilefni: „Þessi útgáfa markar tímamót en ríkissjóður hefur aldrei tekið lán á hagstæðari kjörum.“ Fólki er vorknum að klóra sér í höfð-

inu. Að íslensk stjórnvöld ríghaldi í þá afstöðu gagnvart ESA að innflæðishöft séu nauðsynleg vegna alvarlegrar hættu á greiðsluvandráðum við útlönd á sama tíma og þau segja við alla aðra, að allt sé í blóma.

Ráða má af sjónarmiðum sem forsvarsmenn seðlabankans hafa undanfarið sett fram í ræðu og riti, að ástæðan fyrir þessum tvískinnungi sé sú, að stjórnvöldum þyki þægilegt að geta beitt höftunum – og kallað þau fjárestreymistæki – til að finnstilla stefnu sína í peningamálum. Það er hins vegar andstætt EES-samningnum, hvað sem kann að vera í tisku við stjórn peningamála. Slík höft má bara innleiða ef alvarlegur vandi steðjar að. Í eðlilegu árferði verður að nota önnur tæki við framkvæmd peningastefnu hér á landi.

Nema auðvitað íslensk stjórnvöld telji ómögulegt að reka sjálfstæða peningastefnu, jafnvel á tímum þegar staða þjóðarþúsins er eins og hún best getur orðið, án eilífrar undanþágu frá meginreglum EES-samningsins. Að rekstur eigin peningastefnu á grundvelli íslensku krónunnar skapi á hverjum tíma alvarlega hættu á greiðsluvanda við útlönd. Er það afstaða íslenskra stjórnvalda? Og hver er þá orðin staða og þýðing EES-samningsins?

Þúndur vekur að ESA hafi ekki brugðist við.

## Af hverju mannauðsstjórar eigi sæti í framkvæmdastjórn?



**Gunnhildur Arnardóttir**, framkvæmdastjóri Ceo Huxun, og FKA-félagsskona

Aldrei fyrr hefur samkeppnin um vinnuaflið verið meiri en nú og hún á einungis eftir að aukast. Þess vegna þurfa fyrirtæki og stofnanir að skapa

vinnuumhverfi fyrir starfsmenn þar sem ríkir traust, þeir hlakka til að mæta í vinnu, finna að gerðar eru kröfur um árangur, fá rétta þjálfun og þróun, hafa sjálfstæði til ákvörðunartöku, njóta stuðnings frá stjórnendum, sýndur er áhugi og borin er virðing fyrir þeim sem manneskjum. Fjölmargar rannsóknir staðfesta tengslin á milli þess að því hærra sem fyrirtæki skora í þessum þáttum því meiri er fjárhagslegur ávinningur fyrirtækisins. Það er því til mikils að vinna og í þessum fyrirtækjum er einnig mun lægri starfsmannaveita.

Mannauðsstjórar eru ábyrgir fyrir því að fyrirtæki séu með réttan mannauð til að ná þeim markmiðum sem fyrirtæki hafa sett sér. Í leiðandi fyrirtækjum eru það mannauðsstjórar sem hafa veg og vanda af að byggja upp heildarmenningu fyrirtækisins og skapa þar með fyrirmyndarfyrirtæki sem laðar að, heldur í og þróar frábæra starfsmenn. Það er á herðum mannauðsstjóra að bera kennsl á og mæla hvaða þættir stuðla að þeirri menningu sem sást er eftir og skapa um leið þær niðurstöður sem stefnt er að.

Allir stjórnendur með mannafor-

råd eru ábyrgir fyrir þremur lykilþáttum; fjárhag, kjarnastarfsemi og mannauð. Á fyrsta fundi mánaðar kemur framkvæmdastjórn fyrirtækisins saman og fer yfir lykilmælikvarða mánaðarinn frá hverju sviði fyrir sig. Þar kynna framkvæmdastjórar allra sviða sínar tölur, svo sem sölusviðs, framleiðslusviðs, fjármálasviðs og sjá hvernig þær hafa áhrif hver á aðra og hvort áætlun standist. Þá er mikilvægt að fá niðurstöður mannauðssviðs, það er upplifun starfsmanna á mikilvægustu þáttum í umhverfi þeirra til að bera saman við önnur svið og

sjá um leið hvort vinnustaðurinn sé að ná markmiðum sínum með þann mannaskap sem þar starfar. Upplifun starfsmanna er mæld til dæmis með HR Monitor mannauðsmælingakerfinu sem mælir upplifun starfsmanna og breytir í tölur fyrir fyrirtækið sem heild, hvert og eitt svið, hverja og eina deild og sýnir um leið hvernig hver og einn einasti stjórnandi er að standa sig. Þannig er hægt að sjá strax hvar er verið að gera vel og hvar þarf að bregðast við.

Með þessar mikilvægu upplýsingar eiga mannauðsstjórar sannarlega sæti í framkvæmdastjórn.

# Þau þurfa að spara áður en þau fara



**Björn Berg Gunnarsson**  
fræðslustjóri  
Íslandsbanka

Við erum að meðaltali 23 ára þegar við flytjum að heiman en um 34 ára þegar við kaupum okkar fyrstu íbúð. Að undanförunu hefur mikið verið rætt um hversu erfitt er að eiga fyrir útborgun vegna fyrstu kaupa og það verður langt í frá auðveldara þegar við þurfum að greiða húsaleigu á sama tíma og við spörum.

Það er skiljanlegt að við byrjum

að spara þegar við erum farin að finna fyrir þörfinni. Ef okkur finnst það ekki vera aðkallandi er auðvelt að ýta því á undan sér. Hið sama má segja um lífeyrisaldurinn, það hafa fáir áhuga á að undirbúa hann fyrr en hann er handan við hornið og þá er það sennileg orðið of seint. Í báðum tilvikum er þó betra að byrja fyrr.

Það er auðveldara að spara þegar við búum í foreldrahúsum. Í stað þess að greiða húsaleigu getum við lagt fyrir og við getum sparað enn meira með því að borða heima. En stundum dugur það ekki til. Sá sparnaður, sem ætti að vera til kaupa á húsnæði, er oft nýttur í eitthvað allt annað. Það er mikilvægt að unga fólkið átti sig á því að með kaupum á bíl eða rándýrri

heimsreisu, eru þau að gera sér mun erfiðara fyrir að koma sér þaki yfir höfuðið seinna meir. Getur til dæmis verið að með því að sleppa kaupum á 3 milljóna króna bíl 20 ára gætu þau átt fyrir útborgun í íbúð áratug síðar?

Séreignarleiðin hjálpar en það verður samt mjög erfitt. Mikill meirihluti fyrstu kaupenda fá fjárhagslega aðstoð frá foreldrum en foreldrarnir þyrftu þó að gripa mun fyrr inn í og undirbúa börnin sín betur. Að tæma framtíðarreikninginn, kaupa sér bíl eða gleyma skipulögðum sparnaði gerir íbúðakaup erfiðari, en við þurfum að útskýra það fyrir krökkunum. Það margborgar sig því að setjast aðeins niður með þeim og ræða málin.

# Yfirráð og yfirtökur á skráðum félögum



**Stefán Orri Ólafsson**

Höfundar eru lögmenn og meðeigendur á LEX lögmennsstofu.



**Víðir Smári Petersen**

Í fjölmiðlum að undanförunu hefur verið fjallað um kaup Brims hf. á 34% hlut í HB Granda hf. Eins og komið hefur fram í fréttum mynda kaup af þessari stærðargráðu yfirtökuskyldu á grundvelli laga um verðbréfavíðskipti, sem leiðir til þess að Brim ber nú að gera öllum hluthöfum HB Granda yfirtökutilboð innan fjögurra vikna. Enn er óvíst hversu margir hluthafar munu samþykkja yfirtökutilboð Brims. Greinarstúfur þessi fjallar ekki um viðskipti Brims enda hafa undirritaðir engar upplýsingar um efni samninga aðila, fyrirætlanir þeirra eða aðstæður að öðru leyti. Tilgangur greinarinnar er að varpa með almennum hætti ljósi á áhugaverð lögfræðileg álitafni sem geta skapast við yfirtöku félaga sem skráð eru í kauphöll og um gilda ýmis sérlög.

Ef nógu margir hluthafar ganga að tilboði félags sem gerir yfirtökutilboð getur það virkjað ákvæði annarra laga sem setja takmörk við því að félagið fari með yfirráð í öðru félagi – jafnvel þótt það hafi ekki verið upphafleg ætlun þess sem kaupir. Þannig getur stofnast skylda fyrir þann sem gerir yfirtökutilboð að tilkynna kaupin sem samruna til Samkeppniseftirlitsins, til dæmis ef hann eignast yfir 50% hlutafjár í hinu keypta félagi. Samruninn er þá ekki valfrjálsheldur þvingaður á grundvelli yfirtökuskyldu í lögum um verðbréfavíðskipti.

Þegar um valfrjálssa samruna er að ræða, til dæmis þegar félag A kaupir félag B með kaupsamningi, er í flestum tilvikum gerður fyrirvari um samþykki samkeppnisyfirvalda. Ef samruninn er ógiltur af hálfu samkeppnisyfirvalda fer samruninn ekki fram og kaupin ganga til baka. Þessu kann að vera



Sá sem öðlast yfirráð í skráðu félagi kann að standa frammi fyrir stöðu sem ekki var stefnt að, til dæmis að vera gert að selja eignir innan ákveðins tíma.

öðruvísi háttad þegar yfirtökuskyldur aðili gerir öllum hluthöfum yfirtökutilboð. Hafi upphafleg viðskipti ekki verið skilyrt við samþykki samkeppnisyfirvalda hefur yfirtökuskyldur aðili þá ekki tækifæri til þess að setja slíkan fyrirvara í yfirtökutilboð til annarra hluthafa.

Ef samkeppnisyfirvöld telja samruna yfirtökufélagsins og hins yfirtekna félags skaðlegan samkeppni og ógilda hann af þeim sökum, og yfirtökutilboðið sjálft verður ekki ógilt með vísan til ákvæða laga um verðbréfavíðskipti, getur málið þannig vandast, enda gæti framsal hlutafjár í félaginu þegar hafa átt sér stað. Samkeppniseftirlitið þyrfti þá að mæla fyrir um að hinum yfirtökuskylda væri skylt að selja hlutafé, til dæmis niður fyrir 50%, til þess að vinda ofan af yfirráðum í félaginu. Þetta getur skapað óheppilegar aðstæður sem leiða kunna til þess að sá yfirtökuskyldi neyðist til að selja hlutafé á lægra verði en ella sökum erfiðrar samningsstöðu.

Önnur lagaákvæði geta einnig komið til sögunnar. Til dæmis mæla ákvæði laga um stjórn fiskveiða fyrir um að einstök félög, eða aðilar þeim tengdum, megi ekki eiga meira en sem nemur 12% heildar kvótans. Eignist tengd félög kvóta umfram hið lögbundna hámark gefur Fiskistofa aðilunum

sex mánaða frest til þess að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir umrædd 12% mörk. Ef félögin ná ekki að selja niður fyrir mörkin innan þeirra tímamarka fellur umframahlutdeild þeirra niður. Þetta skapar hættu á því að viðkomandi félög standi frammi fyrir að þurfa að selja kvóta í sinni eigu á mögulega lægra verði en ella eins og í tilvikum eignarhluta umfram 50%.

Í ljósi framangreinds er ákveðin hættu á því að sá sem öðlast yfirráð í skráðu félagi í kjölfar yfirtökuskyldu, hvort sem er í skilningi samkeppnislaga, laga um stjórn fiskveiða eða annarra laga, standi frammi fyrir stöðu sem ekki var stefnt að í upphafi, til dæmis að þurfa leyfi stjórnvalda fyrir viðskiptunum eða því að vera gert að selja hluti eða eignir sínar innan ákveðins tíma. Í slíkum tilvikum kann að vera nauðsynlegt fyrir aðila sem ætlar sér að kaupa yfir 30% hlut í skráðu félagi að setja fyrirvara við kaupin um að þau nái ekki fram að ganga ef þessi staða kemur upp eða skilyrða þau við samþykki tiltekinna stjórnvalda, vilji hann hafa stjórn á aðstæðum eða auka fyrir-sjáanleika. Ef skilyrði um þetta eru sett í samninginn sem leiddi til yfirtökuskyldu eru allar líkur á því að mögulegt sé að gera þennan sama fyrirvara í yfirtökutilboðum gagnvart öðrum hluthöfum.

# Nasdaq First North

OPNAR SKRÁNING Á FIRST NORTH  
NÝJAR DYR FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI?

KPMG og Nasdaq á Íslandi boða til morgunverðarfundar um First North markaðinn og tækifærin sem þar felast.

FIMMTUDAG 3. MAÍ | 8:30 - 10:00  
BORGARTÚNI 27 | 8. HÆÐ

Fundarstjóri er Helga Harðardóttir, partner hjá KPMG á Íslandi.

Erindin verða eftirfarandi:

- **Hvað er First North?**  
Páll Harðarson hjá Nasdaq fjallar um First North markaðinn hér á landi og erlendis og hvernig þróunin getur orðið á næstu árum.
- **Hvers vegna First North?**  
Svanbjörn Thoroddsen hjá KPMG fjallar um þau tækifæri sem felast í skráningu á First North og ávinning fyrirtækja af henni.
- **Reynslan af First North?**  
Jón Ágúst Þorsteinsson forstjóri Klappa segir frá reynslu skráningar nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækis á First North.

Í kjölfar erindanna verða pallborðsumræður um málefnið þar sem Hekla Arnardóttir hjá Strawberry Capital og Svana Gunnarsdóttir hjá Frumtaki bætast í hóp fyrirlesara í pallborðið.

Nýlega hafa tvö ólík félög verið skráð á First North markaðinn hér á landi með góðum árangri. First North er hlutabréfamarkaður sem er sniðinn að þörfum vaxtarfyrirtækja en þó hafa fá fyrirtæki hér á landi nýtt sér þau tækifæri og kosti sem skráningu geta fylgt.

Skráning á First North eykur m.a. aðgengi að fjárfestum og fjármagni, s.s. lífeyris- og verðbréfasjóðum sem hafa takmarkaðar heimildir til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum.

Vinsamlega skráðu þig til þátttöku á [kpmg.is](http://kpmg.is)

 Nasdaq

 KPMG

## Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

## Óþarflega flókið

Tilkynnt var í liðinni viku að Samkeppniseftirlitið gæti enn ekki fallist á samrunatilkynningu Haga vegna kaupa félagsins á Olis. Ekki er nema von að meira að segja áhugasömustu greinendur séu orðnir ruglaðir. Hagar lögðu nefnilega fram nýja tilkynningu þann 8. mars sl. eftir að hafa afturkallað þá fyrri. Nú er liðið riflega ár síðan Hagar tilkynntu að kaup-samningar hefðu verið undirritaðir við seljendur.

Þetta þýðir þó ekki að samrunanum hafi verið hafnað, og heldur ekki að hann hafi verið samþykktur, heldur aðeins að Hagar fari nú yfir frummat Samkeppniseftirlitsins og komi athugasemdum á framfæri. Þeir tólf mánuðir sem liðnir eru frá undirritun kaupsamnings virðast því ekki hafa dugað Samkeppniseftirlitinu til að gera upp hug sinn.

Í því samhengi má nefna að það tók bresk samkeppnisýfirvöld um níu mánuði að veita samruna Tesco og Booker blessun sína. Þó er þar um að ræða samruna stærstu smásölukeðju Bretlands annars vegar og stærsta heildsalans hins vegar. Kaupverðið á Booker var rétt tæpir sex hundruð milljarðar króna, og markaðsvirði samanlagðs félags er um 3.200 milljarðar króna. Flækjustigið var eftir því en einungis Tesco rekur um sjö þúsund verslanir, aðallega í Bretlandi en einnig í öðrum löndum. Hagar reka tæplega 50 verslanir og Olis rekur tugir bensinstöðva um allt land. Markaðsvirði Haga er um 47 milljarðar, eða innan við 1,5% af markaðsvirði Tesco. Kaupverðið er rúmir níu milljarðar. Þetta er ekki svona flókið.

Samkeppniseftirlitið hefur undanfarið þurft að þola gagnrýni vegna framgöngu sinnar. Þekktur forstjóri sakaði eftirlitið um að vilja hlutast til um hvernig atvinnulífið byggist upp frekar en að fylgjast með því að menn færu að lögum. Ein leið fyrir eftirlitið til að hrista af sér slyðruorðið væri að stytta málsmeðferðartímann og gera hann gagnsæri.

Stjórnarmadurinn hefur áður látið þá skoðun í ljós að nauðsynlegt sé að fyrirtæki í innlendri verslun fái að hagræða. Það er lífsspursmál svo hægt sé að mæta samkeppni að utan, hvort sem það er gegnum netið eða með tilkomu nýrra aðila á borð við Costco. Ekki má heldur gleyma því að á undanförunum árum hafa erlendir aðilar fjárfest í auknum mæli á Íslandi. Ein afforsendum þess að sú jákvæða þróun haldi áfram er að traust ríki í garð eftirlitsaðila og að störf þeirra séu gagnsæ. Samkeppniseftirlitið virðist eiga nokkuð í land hvað hvort tveggja varðar.

## Félag Einars Arnar hagnast um 163 milljónir

Fjárfestingafélag Einars Arnar Ólafssonar, stjórnarmanns í TM og fyrrverandi forstjóra Skeljungs, hagnaðist um 163 milljónir króna í fyrri og jókst hagnaðurinn um átta milljónir á milli ára. Eigið fé félagsins, Einis, nam riflega 1,2 milljörðum króna í lok síðasta árs, samkvæmt nýbirtum ársreikningi.



Einar Örn Ólafsson

Félagið keypti eignarhluti fyrir alls 644 milljónir króna á síðasta ári en seldi hluti fyrir um 330 milljónir. Í lok ársins átti Einir

verðbréf og eignarhluti í félögum fyrir um 1,4 milljarða króna.

Félag Einars Arnar er tíundi stærsti hluthafi TM með 2,9 prósentu hlut sem metinn er á 695 milljónir miðað við núverandi gengi bréfa tryggingafélagsins. Þá tók félagið auk þess þátt í kaupum fjárfestahóps á riflega helmingshlut í Stoðum en eignarhaldsfélagið seldi nýverið 8,9 prósentu hlut sinn í drykkjarframleiðandanum Refresco. – Kij

26.04.2018

Það má færa góð rök fyrir því að Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, sé valdamesti maðurinn í íslensku viðskiptalífi.

Eggert B. Ólafsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti



## Hlutfjárútbod í Heimavöllum

# Opinn kynningarfundur

Fimmtudaginn 3. maí  
kl. 8:30  
Grand Hótel Reykjavík.

Allir velkomnir.



## Almennt hlutfjárútbod í Heimavöllum fer fram 7. og 8. maí

Heimavellir boða til kynningarfundar í tengslum við almennt útbod á hlutabréfum í félaginu sem fram fer dagana 7. og 8. maí og fyrirhugaðrar tóku hlutabréfa í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands.



Fundarstjóri er Hrefna Ósp Sigmundsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans



**Guðbrandur Sigurðsson**  
framkvæmdastjóri Heimavalla fjallar um markaðinn fyrir leigubúðir og segir frá starfsemi félagsins og framtíðarsýn þess.



**Arnar Gauti Reynisson**  
fjármálastjóri Heimavalla fer yfir rekstur og rekstraráætlun félagsins.



**Atli B. Guðmundsson**  
hjá Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans kynnir útbodið, skilmála og fyrirkomulag þess.

## LANGTÍMASAMBAND Á LEIGUMARKAÐI

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekktist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

[www.heimavellir.is](http://www.heimavellir.is)

HEIMA  
VELLIR  
ÖRUGGLEIGA



Frjáls framlög



enginn kostnaður!

## VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.




Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

[www.facebook.com/samferdafoundation](http://www.facebook.com/samferdafoundation)

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Suðlægar áttir í dag og dálítill el um landið vestanvert. Slydda eða rigning austan til en styttr upp í kvöld. Fremur svalt í veðri.



## Fimmtudagur

<b>Reykjavík</b> 4° ↗9	<b>Ísafjörður</b> -0° ↗9	<b>Akureyri</b> 6° ↑10
<b>Egilsstaðir</b> 5° ↑15	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 5° ↑8	<b>Hveravellir</b> -0° ↑14

## Föstudagur

<b>Reykjavík</b> 4° ↗14	<b>Ísafjörður</b> -0° ↗12	<b>Akureyri</b> 3° ↗15
<b>Egilsstaðir</b> 4° ↑13	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 4° ↗14	<b>Hveravellir</b> -4° ↗16

## LÉTT

	5		9		7	8	4
		2	8		6	9	
	9		5	7		3	
	1					2	
			4	8			9
	6	2		5	8		7
4	7		9		1		
6						4	8
1		5					

## MIDLUNGS

4	6		2			5	
						1	8
			8	5			
				1		7	9
8		6			9	4	
1	7			3		8	
7	4	2	5				8
	8					3	5
					7		6

## PUNG

5		1	8		2		3
	7	9	1				5
2							1
		6		2			9
	1	4					2
	8		2				1
			2			5	
6	5	3	7				9

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- bátkrili
- maka
- tveir eins
- slaga
- átt
- tala
- þarmar
- seytlar
- mælieining
- fáni

### LÓÐRÉTT

- afturkippur
- erlendis
- efni
- land í norður afriku
- dul
- hrjóta
- glumdi
- útdeildi
- líka

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. bytta, 5. áta, 6. líl, 8. krussa, 10. sa, 11. launung, 9. snórla, 12. galli, 14. galli, 15. galli, 16. og. LÓÐRÉTT: 1. bakslag, 2. ytra, 3. tau, 4. alsi, 7. niú, 12. görr, 13. agra, 15. galli, 17. flagg.

## Skák Gunnar Björnsson

Bellin átti leik gegn Fries Nielsen í Kaupmannahöfn árið 1989.

### Hvítur á leik

1. Rxd5! exd5 2. Hxf8+ Bxf8

3. Dxf6 1-0. Ingvar Þór Jóhannesson og Stefán Bergsson urðu efstir og jafnir á Skákþingi Norðlendinga. Jón Kristinn Þorgeirsson varð hins skákmeistarar Norðlendinga.



www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

1	4	7	2	6	8	3	5	9
8	2	5	9	3	7	1	6	4
9	3	6	4	5	1	8	7	2
2	8	4	1	9	5	7	3	6
3	5	9	6	7	4	2	8	1
6	7	1	3	8	2	9	4	5
4	9	8	5	1	3	6	2	7
7	6	2	8	4	9	5	1	3
5	1	3	7	2	6	4	9	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Real Nipusúpa hafa samþykkt tilboð okkar um 2 lítra af vöfludeigi og naflakusk. Þá er það bara læknisprófið.



BAM! BAM!



Ég ætla að túlka þetta sem ævintýrlega góðan árangur.



Skrifaðu undir hér.

Eftir Frode Øverli



Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval og fáðu tilboð á **bros.is**

Bros auglýsingavörur Norðlingabraut 14



## Gelgjan



THANK! BRRRAAAAAANGG



Ég er einn af þeim sem lenda bara í alls konar.



Ég er einn af þeim sem lenda bara í alls konar.

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Ég pissaði einu sinni undir líka Hannes.



Í alvöru? Vá!



Takk fyrir að segja mér pabbi.



Gott að geta hjálpað vinur.

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

2008-2018

# VERUM VIRK

Aukin þátttaka – betra samfélag



## Afmælisráðstefna Silfurbergi Hörpu föstudaginn 4. maí

Nánari upplýsingar og  
skráning á [virk.is](http://virk.is)



## DAGSKRÁ

- 8.30** Húsið opnar – morgunhressing
- 9.00** **Ávarp**  
Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra
- VIRK í 10 ár**  
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK
- 10.00** Kaffihlé
- 10.20** **Positive Health - A New Definition of Health**  
Machteld Huber, læknir og heimspekingur, Institute of Positive Health
- Fram á veginn - mikilvægi forvarna og samvinnu stofnana**  
Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri í velferðarráðuneytinu
- Heilsa og virkni**  
Alma Möller, landlæknir
- 12.15** Hádegisverður
- 13.10** **Hamingjan á vinnustaðnum**  
Anna Lóa Ólafsdóttir, atvinnulífstengill VIRK
- Looking Beyond Return to Work: Towards Sustainable Work Functioning**  
Ute Bultmann, prófessor við Groningenháskóla
- 14.25** Kaffihlé
- 14.45** **Homo nútímus - þetta getur bara ekki klikkað**  
Hrund Gunnsteinsdóttir, þróunarfræðingur og frumkvöðull
- Erindi til forstjóra framtíðarinnar**  
Herdís Pála Pálsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála og samskipta hjá Reiknistofu bankanna
- Lokasláttur – Hundur í óskilum**
- 16.00** Dagskrárlök

Ráðstefnustjóri: Þórunna Jónsdóttir, ráðgjafi og lektor við Háskólann í Reykjavík  
Ráðstefnugjald kr. 3500 - skrá skal þátttöku á [virk.is](http://virk.is)

# Keriktu á



gleðinni



Nú er nýtt upphaf í íslensku sjónvarpi. Kynntu þér fjölbreytt og skemmtilegt úrval afþreyingar og kveiktu á gleðinni á [stod2.is](http://stod2.is).





Frá æfingu hjá Sí fyrir kvikmyndatónleikana í síðustu viku.

## Þegar Mozart var drepinn

### TÓNLIST

#### Amadeus



#### Kvikmyndatónleikar

#### Eldborg í Hörpu

Föstudaginn 29. apríl

Amadeus eftir Milos Forman og Peter Shaffer. Sinfónihljómsveit Íslands lék undir stjórn Ludwig Wicki. Mótettukór Hallgrímskirkju söng (kórstjóri Hörður Áskelsson).  
**Einleikari:** Mei Yi Foo.

Er ég sé til leikarans F. Murray Abraham, meira að segja í þáttaröðinni Homeland, þar sem hann leikur CIA njósnara, þá hugsa ég alltaf: Þetta er maðurinn sem drap Mozart. Leikur hans í kvikmyndinni Amadeus, þar sem hann var í hlutverki hins afbrýðisama tónskálds Salieris var svo kraftmikill að það er manni ógleymanlegt. Í myndinni eru þeir tveir keppinautar.

Milos Forman, sem leikstýrði Amadeus, lést á dögnum. Það var því víðeigandi að sýna myndina á stóru tjaldi. Var það einmitt gert núna fyrir helgi. Myndin var sýnd í Eldborginni í Hörpu. Nánast öll tónlistin var í lífandi flutningi Sinfónihljómsveitar Íslands, Mótettukórs Hallgrímskirkju og píanóleikarans Mei Yi Foo.

Ýmis vandamál eru við bíosýningu þegar tónlistin er leikin á staðnum. Hljóðblöndun tals og tónlistar er ekki fyrir hendi, tónlistin er gjarnan of sterk. Þetta kom þó ekki að sök hér, því myndin var textuð, auk þess sem tónlistin er í gríðarlega stóru hlutverki í myndinni. Hún á ekki bara að styðja við framvindu og stemningu eins og venjuleg kvikmyndatónlist.

Flutningurinn var í hvítvetna stórkostlegur. Helst mátti finna að

eilitið óstöðugum karlaröddum í lok myndarinnar, þegar Salieri var að skrifa sálumessu eftir fyrirsmælum Mozarts, sem liggur á banabeði sínum. Í það heila var kórsöngurinn þó þéttur og voldugur og með allt á hreinu. Hljómsveitin var líka í banastuði undir pottþéttri stjórn Ludwig Wicki. Leikurinn var ætíð tær, nákvæmur og fjórlegur. Tónlistin var ávallt leikin á hárréttum tíma. Stjórnandinn var með ípad fyrir framan sig sem var tengdur við myndina og ýmsar bendingar þar sem hjálpuðu við hljómsveitarstjórnina. Píanóleikur Mei Yi Foo var sömuleiðis afar fallegur, mjúkur og ljóðrænn.

Er Amadeus var sýnd fyrst fór hún fyrir brjóstið á mörgum tónlistarspekúlantinum. Það er í sjálftu sér skiljanlegt. Salieri og Mozart voru ekki svona miklir óvinir í raunveruleikanum. Sá síðarnefndi var þó vissulega grallari og átti það til að vera klámfenginn í bréfaskriftum, en að hann hafi verið einhver hálfviti sem hló skrækum rómi er ósennilegt.

Þessar miklu andstæður persónuleika tónskáldsins og tónlistarinnar sjálfar, eins og þeim er teft fram í myndinni, eru samt sérlega áhrifamiklar. Þær undirstrika hversu tónlistin var mikið undur. Hún streymdi niður fullmótuð í huga Mozarts, líkt og hún kæmi frá himnaríki. Persónuleiki tónskáldsins skipti þar engu máli. Það er þetta sem gerir myndina svona góða. Tónlistin er miðpunkturinn, ekki Mozart sjálfur, Salieri eða neinn annar. Án efa voru þetta með betri tónleikum vetrarins. **Jónas Sen**

**NIÐURSTADA:** Stórfenglegir tónleikar með tónlist Mozarts í dásamlegum búningi.



Úr sýningunni Svartalogn sem var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu síðastliðinn föstudag. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

## Sálarinnar svörtu göng

### LEIKHÚS

#### Svartalogn



#### Þjóðleikhúsið

**Eftir:** Kristínu Marju Baldursdóttur

**Leikgerð:** Melkorka Tekla Ólafsdóttir

**Leikstjórn:** Hilmir Snær Guðnason  
**Leikarar:** Elva Ósk Ólafsdóttir, Edda Arnljótsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Snæfríður Ingvarsdóttir, Esther Talía Casey, Hallgrímur Ólafsson, Pálmi Gestsson, Baldur Trausti Hreinsson, Birgitta Birgisdóttir og Snorri Engilbertsson

**Leikmynd:** Gretar Reynisson

**Búningar:** María Th. Ólafsdóttir

**Tónlist:** Markéta Irglová og Sturla Mio Þórisson

**Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson

**Hljóðmynd:** Elvar Geir Sævarsson og Aron Þór Arnarsson

Flóra stendur uppi rúmlega fimmtug atvinnulaus, fráskilin og hundsud af samfélaginu. Henni býðst að mála gamalt timburhús í litlu þorpi á Vestfjörðum og slær til, leigir út litlu íbúðina sína í Reykjavík og heldur út í óvissuna. Þannig er upphafsstefið í Svartalogni sem frumsýnd var síðastliðinn föstudag á stóra sviði Þjóðleikhússins.

Leikgerðina skrifar Melkorka Tekla leiklistaráðunautur hússins en henni hefur heppnast betur. Enn og aftur er gerð sú krafa að áhorfendur fylli upp í eyðurnar með upplýsingum úr bókinni, þannig er gefin afsláttur á persónusköpun og framvindu. Ef einhverju er sleppt, svo sem bakgrunni og persónutengslum, þá verður eitthvað að koma í staðinn í handriti en lítið er um slíkar lausnir. Ein af stóru breytingunum er að innri rödd Flóru, sem hefur margar efasemdir um sitt líf, er leikin af þeim Birgittu og Snorra í hlutverkum fyrrverandi samstarfsfólks hennar. Áhyggjur Flóru um sinn stað í heiminum og eigið ágæti

koma ekki fram með hennar rödd, heldur í gegnum aðra. Þessi fjarlægð er truflandi og önnur leið hefði verið akjósanlegri.

Þessi galli sýnir samt sem áður styrk Elvu Ósk á leiksviðinu því fátt er erfiðara að leika en góða hlustun og hún heldur sýningunni saman. Hún er nánast á sviðinu allan tímann og leiðir orkuna á sviðinu í gegnum sig þannig að aðrir leikarar blómstra. Slíkt er aðeins á færi þeirra allra hæfileikaríkustu, sem og að leika án orða.

Flóra er hvati breytinga þrátt fyrir að gera og segja sem minnst, allavega fyrir hlé. Óljóst er hvort þetta hlé standi í komandi sýningum því í leikskrá er gefið til kynna að sýningin sé án þess. Frænkurnar Petra og Guðrún eru leiknar af Eddu og Ragnheiði sem njóta sín best í léttari atriðunum þar sem kinnigáfa þeirra fær að njóta sín. Erlendu söngflugana leika þær Snæfríður og Esther Talía af nokkru öryggi. Hina ákveðnu Ewu leikur Esther Talía með dillandi húmor og Snæfríður er að finna fótfestu sína eftir frekar brósótt leikar, síðan syngja þær sérlega fallega.

Birgitta og Snorri komast þokkalega frá hlutverkum sínum en líða fyrir það að vera einungis málpípur aðalpersónunnar. Karlkynspersónurnar eru byggðar á þekktum staðalímyndum um kynið: sá fyndni, sá mjúki, sá ofbeldisfulli. Pálmi á þó eftirminnilegt augnablik þar sem hann finnur einlaga leið til að opna upp reynsluheim karlmanna, þeirra sem var kennt að loka inni tilfinningar sínar. Baldur Trausti og Halldór fá ekki mikið til að vinna með og verða þannig flatir í persónusköpuninni.

Hilmir Snær er óhræddur við að hrista upp í efninu en því miður er hér er sleginn vitlaus tónn. Saga Flóru nýtur sín ekki nægilega vel í þessu þungbúna umhverfi. Jú, tilvist mannverunnar er svo sannarlega harmræn en þessi aftengda dramatiska nálgun hentar ekki sögunni

sem segja skal. Að sama skapi má finna grunnvandamál í tónlistinni, sem á að vera sál sýningarinnar. Hún á að þjóna sem leið fyrir þessar konur að finna fullkomnun í ófullkomnu lífi. Markéta og Sturla finna ekki hápunktinn sem til þarf þrátt fyrir ljúflega úrvinnslu á ljóðum íslenskra kvenna.

Leikmyndin er hugarfóstur eins reyndasta leikmyndahönnuðar landsins en Gretar er þekktur fyrir að skapa afgerandi myndheim. Hér birtist heimurinn sem grá göng í iðjum fjarðaheidianna, ágætis myndlíking fyrir innri baráttu karakteranna en styður illa við sýninguna í heild þar sem hún verður fljótlega köld og tóm. María hefur margoft sýnt að hún hefur fjölmarga hæfileika en þeir fá ekki að njóta sín hér. Fyrir utan fagurrauðan draumakjól Flóru þá eru búningarnir óspennandi, þá sérstaklega hjá skrifstofublökunum Irpu og Hrnarnari sem blæða inn í gráma ganganna.

Hljóðmyndin er vönduð og vel unninn af þeim Elvari Geir og Aron Þór, ein sú besta á leikárinu. Þeir smíða hljóðmynd í takt kjarna verksins þar sem dropinn holar steininn, mikilvæg augnablik eru kannski ekki þekktanleg þegar þau gerast en áhrifin geta verið varanleg. Halldór Örn á heidurinn að fæða líf inn í þennan kalda heim með einstaklega áhrifaríki lýsingu.

Í Svartalogni sækja konur í styrk og stuðning annarra kvenna. Þrautreyndar leikkonur á besta aldri fara með helstu hlutverkin sem er bæði þakklátt og hressandi. En veikt handrit og óskýr leikstjórn eru hér helstu gallarnir. Elva Ósk er miklu betri en efni standa til og von er nú til að hún fái fleiri verkefni á næsta leikári enda hefur hún verið algjörlega frábær á því sem er að líða.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTADA:** Grátblasleg saga sem slær því miður rangan tón þrátt fyrir magnaðan leik hjá Elvu Ósk.

**STENDUR EITTHVAÐ TIL?**  
**Dimmisjón, árshátíð, annað?**

**HOKUS POKUS**

[www.hokuspokus.is](http://www.hokuspokus.is)  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** MayDay! 02.05!  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu  
DJ DOMINATRICKS, AXIS  
DANCEHALL, Bervit, Geisha  
Cartel, TERATOMA!!!, MIO  
DIOR(Kaupá Dót) & Sigmund.

### Viðburðir

**Hvað?** Bókakaffi | Sólveig Ásta  
Sigurðardóttir fjallar um innflytjendur  
í íslenskum bókmenntum  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi  
Á bókakaffi í maí fjallar Sólveig  
Ásta Sigurðardóttir um birtingar-  
myndir innflytjenda í íslenskum  
bókmenntum. Hvað getur íslensk-  
ur skáldskapur sagt okkur um  
fjölmenningu á Íslandi? Hvernig  
geta bókmenntarannsóknir lagt til  
gagnrýninnar umræðu um stöðu  
innflytjenda í íslensku samfélagi?

**Hvað?** Bróderað landslag  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu  
Í erindi sínu mun Harpa fjalla um  
sérkennileg myndverk frá árunum  
1914-1956, þar sem himinn og vatn  
er málað en landslag saumað út  
með listsaumi. Verkin kallast á við  
þá landslagsdýrkun sem kom fram  
hjá íslenskum listmálurum á sama  
tíma og tengist sjálfstæðisbaráttu  
og styrkingu á sjálfsmynd þjóðar  
sem rís á þessum árum til fullveldis  
og síðar til fulls sjálfstæðis. Sýning  
á nokkrum slíkum verkum verður  
opnuð í Safnasafninu um miðjan  
maí.

**Hvað?** Menning á miðvikudögum |  
Gjörningur um skirdreymi  
**Hvenær?** 12.15  
**Hvar?** Gerðarsafn, Kópavogi  
Miðvikudaginn 2. maí kl. 12.15  
verður fluttur gjörningurinn  
Embassy of Lucid Dreaming eftir  
Mariu-Magdalenu Ianchis, meist-  
aranema í myndlist. Í gjörningnum  
birtist óræður heimur skirdreymis  
þar sem sá sofandi er meðvitaður  
um að hann dreymi og getur breytt  
framvindu drauma sinna. Gjörning-  
urinn fer fram á ensku og er þátt-  
taka gestum að kostnaðarlausu.

### Sýningar

**Hvað?** Mokka-Kaffi  
**Hvenær?** 09.00  
**Hvar?** Mokka-Kaffi  
Andvaka, þunglynt, öfundsjúkt  
eða dautt fólk flækist um í litríkum  
heimi. Tilgangsleysið er algjört

og hvorki ástin né ríkidæmi geta  
bjargað þeim. Myndlistarsýning  
Lóu Hlílnar Hjálmtýsdóttur

**Hvað?** Ex libris | Sýning á bókmerkjum  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Tryggvagötu  
Í dag eru bókmerki ekki algeng  
sjón, en áður fyrr voru slík skraut-  
merki hönnuð af listafólki og sett  
innan á bókakápur til að tilgreina  
eiganda þeirra. Óhætt er að segja  
að um er að ræða menningarverð-  
mæti sem lítið hefur farið fyrir  
og gaman er að kynna betur fyrir  
yngri kynslóðinni. Það þótti því  
kjörið að fá nemendur við Mynd-  
listaskólann í Reykjavík til að  
spreyta sig á hönnun bókmerkja

með skírskotun í hefðina en um  
leið með skýra tengingu inn í  
nú tímann. Nemendum var jafn-  
framt gert að setja fram hönnunar-  
ferli sitt með skissum og myndum  
sem gefa til kynna hvaðan hug-  
myndir þeirra eru spröttar.

**Hvað?** Eitt leiðir af öðru og öðru og  
öðru – Ásgeir Skúlason  
**Hvenær?** 10.00  
**Hvar?** Bókasafn Mosfellsbæjar  
Ásgeir er fæddur árið 1984 og býr  
í Mosfellsdal. Hann útskrifaðist  
úr myndlistardeild Listaháskóla  
Íslands árið 2013 og er þetta  
fyrsta einkasýning hans. Myndlist  
Ásgeirs einkennist af þræyggi-  
kenndri endurtekningu með

aðferðir og efnivið en öll verkin á  
sýningunni eru unnin úr PVC-raf-  
magnseinangrunarteipi. Um ferlið  
segir Ásgeir: „Ég ræð ekki við mig,  
þegar þræygjan kemur yfir mig  
verð ég að gera tilraunir, ég verð að  
halda áfram sama hver endanleg  
útkoma verður, burtséð frá því  
hvort mér þyki hún góð eða slæm.  
Verkin á sýningunni eru afrakstur  
þessara tilrauna og þróunar.“  
Sýningu Ásgeirs lýkur 4. maí og er  
aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Hilmar Hafstein Svavarsson  
**Hvenær?** 16.00  
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstig  
Hilmar hefur tekið þátt í sam-  
sýningum en þetta er fyrsta

einkasýning hans og spannar 60  
ára feril myndlistarmanns. Elstu  
myndina á sýningunni málaði  
hann 12 ára gamall, önnur var í  
vinnslu í fimmtíu ár. Hilmar vann  
við loftskýtastörf og verslunar-  
rekstur um ævina en stundaði  
alla tíð myndgerð. Hann tók  
fjöldann allan af námskeiðum í  
Myndlista- og handíðaskólanum  
og Myndlistaskóla Kópavogs,  
auk þess sem hann sótti einka-  
tíma hjá listamönnum á borð við  
Guðmundu Andrésdóttur, Sigfús  
Halldórsson, Hring Jóhannesson  
og Sverri Haraldsson. Listfengi  
Hilmars fær einnig að njóta sín í  
fluguhnýtingum. Allar myndirnar  
á sýningunni eru til sölu.

**Allt að 20% Afsláttur Af tölvuskjám**

**Allt að 80.000 Afsláttur Af fartölvum**

**Allt að 90% Afsláttur Af yfir 1000 vörum**

**SUMAR ÚTSALA**  
TÖLVUTEKS HEFST  
**10:00**  
Í DAG 2. MAÍ

**KAUPIR NÚNA - GREIÐIR 1. ÁGÚST 2018**  
• 2.95% lausnir og vilti  
• 195 kr. og vilti  
• 350.000 kr. fyrir upphæð allt að

**TÖLVUTEK**

**SUMAR ÚTSALA**  
BYRJAR Í DAG  
KL. 10:00  
Fyrstir koma  
fyrstir fá;)

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**  
Löggiltur rafverktaki  
Sími: **696 5600**  
rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**  
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

## DAGSKRÁ

## Miðvikudagur



### THE DETAIL

KL. 21:00

Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum eins og heimilinu.

## Magnaður Miðvikudagur

Fáðu þér áskrift á [365.is](http://365.is)

### GREY'S ANATOMY

KL. 20:15

Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungrir og bráðefnilegir skurðlæknar.



### NASHVILLE

KL. 21:50

Frábærir þættir um kántrí-söngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu.



### THE GIRLFRIEND EXPERIENCE

KL. 22:30

Sagðar eru tvær sögur samhliða og fylgjumst við með þeim sitt á hvað. Önnur sagan gerist í Washington en hin í Nýja-Mexíkó.



### THE INTERPRETER

KL. 22:00

Pólitískur spennutryllir um svikráð og samsæri innan Sameinuðu þjóðanna með Sean Penn og Nicole Kidman í aðalhlutverkum.



### FLASH

KL. 21:15

Hörkuspennandi þættir um vísindamanninn Barry Allen sem er í raun ofurhetja og getur ferðast um á ótrúlegum hraða.



## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons  
07.20 Lina Langsokkur  
07.45 Strákarnir  
08.10 The Middle  
08.30 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.20 Grand Designs  
11.10 Spurningabomban  
11.55 Gulli byggir  
12.35 Nágrannar  
13.00 Fósturbörn  
13.25 Project Runway  
14.15 Major Crimes  
15.00 Heilsugengið  
15.25 The Night Shift  
16.10 The Path  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 Mom  
19.45 The New Girl  
20.10 Grey's Anatomy  
20.55 The Detail  
21.40 Nashville  
22.25 The Girlfriend Experience  
22.50 Deception  
23.35 NCIS  
01.05 Here and Now  
02.00 Rebecka Martinsson Vandadír nýir sænskir þættir sem eru byggðir á metsölubókum Asu Larsson. Rebecka Martinsson snýr aftur á heimaslóðir eftir dvöl í Stokkhólmi og farsælan feril á þekktri lögmansstofu. Ástæðan fyrir heimkomunni er andlát æskuvinkonu hennar og við frekari eftirgrennsan kemur í ljós að hún hefur verið myrt. Rebecka dregst inn í flókna morðrannsókn og hættulegan eltingarleik við morðingja sem er líklegur til að láta til skarar skriða á ný. Að auki þarf hún að horfast í augu við fortíðardrauga.  
02.45 Rebecka Martinsson  
03.30 Shameless  
04.25 Shameless  
05.20 Ballers  
05.50 The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 Real Madrid - Bayern München - maí  
08.40 Meistaradeildarmörkin  
09.10 Mjólkurbikar karla  
10.50 Selfoss - FH  
12.20 Seinni bylgjan  
12.50 Fyrir Ísland  
13.30 NBA - Playoff Games  
15.35 Real Madrid - Bayern München - maí  
17.15 Meistaradeildarmörkin  
17.45 Þýsku mörkin  
18.15 Meistaradeildarupphitun  
18.40 Roma - Liverpool  
20.45 Meistaradeildarmörkin  
21.15 Pepsímörk kvenna 2017  
22.15 Mjólkurbikarmörkin  
23.30 Premier League Review

## STÖÐ 2 SPORT 2

09.20 Burnley - Brighton  
11.05 Meistarakeppni KSÍ  
12.55 Real Madrid - Leganés  
14.35 Deportivo La Coruna - Barcelona  
16.20 Spænsku mörkin  
16.50 Hertha Berlin - Augsburg  
18.30 Mjólkurbikar karla  
20.10 Premier League Review  
21.05 Roma - Liverpool  
22.55 Meistaradeildarmörkin  
23.25 Pepsímörk kvenna 2017

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

## STÖÐ 3

19.10 The Goldbergs  
19.35 Anger Management  
20.00 Seinfeld  
20.25 Friends  
20.50 Stelpurnar  
21.15 Flash  
22.00 Krypton  
22.45 The Hundred  
23.30 Supergirl  
01.00 Gotham  
01.45 Seinfeld  
02.10 Friends  
02.35 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.25 Hvellur keppnisbill  
07.37 Ævintýraferðin  
07.49 Gulla og grænjaxlarnir  
08.00 Stóri og Litli  
08.13 Tindur  
08.27 Zigby  
08.38 Mæja býfluga  
08.50 Kormákur  
09.00 Könnuðurinn Dóra  
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
09.47 Doddi litli og Eyrnastór  
10.00 Áfram Diego, áfram!  
10.24 Svampur Sveinsson  
10.49 Lalli  
10.55 Rasmus Klumpur  
11.00 Strumpanir  
11.25 Hvellur keppnisbill  
11.37 Ævintýraferðin  
11.49 Gulla og grænjaxlarnir  
12.00 Stóri og Litli  
12.13 Tindur  
12.27 Zigby  
12.38 Mæja býfluga  
12.50 Kormákur  
13.00 Könnuðurinn Dóra  
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
13.47 Doddi litli og Eyrnastór  
14.00 Áfram Diego, áfram!  
14.24 Svampur Sveinsson  
14.49 Lalli  
14.55 Rasmus Klumpur  
15.00 Strumpanir  
15.25 Hvellur keppnisbill  
15.37 Ævintýraferðin  
15.49 Gulla og grænjaxlarnir  
16.00 Stóri og Litli  
16.13 Tindur  
16.27 Zigby  
16.38 Mæja býfluga  
16.50 Kormákur  
17.00 Könnuðurinn Dóra  
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
17.47 Doddi litli og Eyrnastór  
18.00 Áfram Diego, áfram!  
18.24 Svampur Sveinsson  
18.49 Lalli  
18.55 Rasmus Klumpur  
19.00 Kalli á þakinu

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24



## GOLFSTÖÐIN

08.00 Mediheal Championship  
11.00 Zurich Classic of New Orleans  
16.00 PGA Highlights  
16.55 Golfing World  
17.45 Mediheal Championship  
20.45 Golfing World  
21.35 PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy  
22.20 PGA Highlights  
23.15 Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Ingenious  
13.30 Goosebumps  
15.15 Grown Ups  
17.00 Ingenious  
18.30 Goosebumps Ævintýra-mynd frá 2015 með Jack Black í aðalhlutverki. R.L.Stine sem hefur skrifað margar skrimslabækur en glimur við það vandamál að ef eitthvert af frumeintökum bóka hans er opnað sleppa skrimslin sem þar er að finna út í raunheima. Stine hefur því gætt þess vel og vandlega að læsa bókunum og passa að enginn utanaðkomandi komist í þær.  
20.15 Grown Ups  
22.00 The Interpreter  
00.05 Return to Sender Spennutryllir frá 2015 með Rosamund Pike og Nick Nolte í aðalhlutverkum. Hjúkrunarkonan Miranda Wells hefur komið ár sinni vel fyrir borð, er að læra skurðlækningar og er nýbúin að kaupa sér fallett hús í bænum sem hún býr í. Dag einn samþykkir hún að fara á blint stefnumót en áttar sig of seint á því að maðurinn sem hún tekur á móti er ekki sá sem hún átti að hitta heldur glæpamaður að nafni William Finn.  
01.40 Hitman: Agent 47  
03.15 The Interpreter

## RÚV

16.30 Ljósan  
16.50 Leiðin á HM  
17.20 Orðbragð  
17.50 Tákn málsfréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Tré-Fú Tom  
18.22 Krakkastigur  
18.27 Sanjay og Craig  
18.50 Krakkafréttir  
18.54 Vikinglotto  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
19.50 Menningin  
20.00 Skólahreysti  
21.25 Kiljan  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Avicii: Sannar sögur  
00.00 Kastljós  
00.15 Menningin  
00.20 Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens  
08.25 Dr. Phil  
09.05 The Tonight Show  
09.45 The Late Late Show  
10.25 Síminn + Spotify  
12.55 Dr. Phil  
13.35 Speechless  
13.55 Will & Grace  
14.15 Strúktúr  
14.45 The Mick  
15.10 Man With a Plan  
15.35 Kokkafلاك  
16.15 Everybody Loves Raymond  
16.40 King of Queens  
17.05 How I Met Your Mother  
17.30 Dr. Phil  
18.15 The Tonight Show  
19.00 The Late Late Show  
19.45 American Housewife  
20.10 Survivor  
21.00 Chicago Med  
21.50 Bull  
22.35 American Crime  
23.25 The Tonight Show  
00.45 Touch  
01.30 The Catch  
02.15 Station 19  
03.05 Scandal  
03.50 Mr. Robot  
04.40 Síminn + Spotify

Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.



365.is





# Gæði og glæsileiki

endalaust úrval af hágæða flísum



Finndu okkur  
á facebook

**Flísabúðin**

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

## LÍF



Steindi er næsti afi.

Herra Hnetusmjör að ferðast um landið væri geggjað sjónvarp.

Sunneva gæti í einum þætti hent upp gifsplötum eða flotað gólf.

# Ímynduð sjónvarpsdagskrá næsta hausts

Það eru svo margir góðir sjónvarpsþættir í heiminum. Marga íslenska sjónvarpsþætti sem áttu sínar vinsældir fyrir nokkrum árum mætti alveg koma með aftur og vel mætti heimfæra suma vinsæla erlenda þætti.

## Pimp my ride

Margir muna eftir þáttunum Pimp my Ride þar sem rapparinn Xzibit tók hús á fólki sem var svo óheppið að eiga ljóta bíla og „pimpaði“ þá upp fyrir þá. Þeir heppnu enduðu með fiskabúr í mælaborðinu og sjónvarp í gólfinu og máttu vel við una. Það er alveg kominn tími á íslenska útgáfu af þessum stórskemmtilega þætti þar sem veitinga- og útvarpsmaðurinn Robbi Kronik gæti tekið að sér hlutverk Xzibit, farið heim til fólks og öskrað á það „BRRA-AAP“ áður en hann myndi setja iPad í hanskahólfid á Dacia Dusternum þeirra.

## Djúpa laugin

Djúpa laugin var stemningslaðinn stefnumótaráttur sem var einsonar Tinder þess tíma. Stjórndendur þáttarins voru ýmsir, til að mynda Dóra Takefusa, Mariko Margrét, Tobba Marínós og fleiri. Þátturinn hefur verið endurvakin oft en einu sinni og er alveg ástæða fyrir því. Þar sem öpp og samfélagsmiðlar og þetta drasl allt saman er á bullandi niðurleið í dag er um að gera að draga fram Djúpu laugin og halda hana á B5 og fá mögulega þær vinkonur Þórunni Antoníu og Dóru Júlíu til að stjórna.

## Afi

Örn Árnason er í hugum heilu kynslóðanna Afi – gamalmenni með gítar sem var alltaf til í að skella á eins og einni (eða fleiri) teiknimynd. Hugmyndin bak við þáttinn var að fá ungan leikara til að leika gamlan mann sem svo kynnti til sögunnar teiknimyndir. Steindi væri auðvitað fullkominn sem hinn ný afi enda einstaklega lunkinn við að leika gamalmenni.

## Sönn íslensk sakamál

Hver kannast ekki við að hafa sagt „þetta yrði geggjaður Sönn íslensk sakamál þáttur“ um einhver sakamál samtímans? Það er líklega alveg komið nóg af efni í heila nýja seríu af þessum klassisku þáttum. Það væri til að mynda ótrúlega skemmtilegt að sjá Skáksambandsmálið tekið fyrir, Bjössu í Mínus myndi leika smyglarann og Jörundur Ragnarsson væri grunlaus formaður Skáksambandsins.

## Íslensk kjötsúpa


Erpur Eyvindarson tók hugmyndina bak við Ali G Show og færði hana í íslenskan búning. Viðmælendur hans skildu ekki neitt hvað var í gangi þegar raphundurinn frá Kópavogi fór að ausa yfir þá blaðsíðum úr slangurórabókinni sinni. Ef Kjötsúpan færi aftur á dagskrá væri ekki vitlaust að fá Herra Hnetusmjör, arftaka Erps í beinan karlegg, til að taka við.

## The Simple life

Paris Hilton og Nicole Richie voru áhrifavaldar síns tíma – höfðu enga hæfileika nema að vera góðar í að fara í mörg party og eiga ríkar fjölskyldur. Í The Simple Life fengu þær að kynna heim fólks sem þarf í alvörinni að vinna fyrir sér og prófuðu að mjólka kýr og alls konar í þeim dúr. Hvernig væri nú að skella í einn svona þátt í dag í miðju góðærinu þegar unglingar halda að það sé vinna að borða Corny fyrir framan snjallsíma? Það væri hægt að fá einhverja áhrifavalda eins og Sunnevu Einarsdóttur og Manuelu Ósk til að prófa að logsjóða eða eitt-hvað.

## Íslenskur survivor

Okkur á Lífínu hefur mjög lengi dreymt um íslenska útgáfu af Survivor. Það væri hægt að láta keppendur lifa af í einhverju hrauni þar sem þeir þurfa að sjóða sjálfdaugar kindur í hveravatni og keppa í þrautum eins og að spranga yfir sinubruna og bera út börn á sem bestum tíma. Það væri erfitt að fylla upp í risastór og sympatísk fótspor Jeff Probst sem kynni – en við höfum fulla trú á að hinn ofur sympatíski Felix Bergsson gæti vel höndlað starfið.



# Framtíðin er núna!

Hefðbundin verslun og þjónusta heyrir liðinni tíð. Stafræna byltingin hefur breytt því hvernig viðskiptavinir eiga í samskiptum við fyrirtæki. Viðskiptavinir í dag versla í gegnum mörg mismunandi tæki og velja sér ólíkar samskiptaleiðir. Til að vera samkeppnishæf þurfa verslunar- og þjónustufyrirtæki að geta selt, þjónustað viðskiptavini og haldið utan um þá í gegnum öll þessi tæki og leiðir. Til þess þurfa öll kerfi að tengjast saman á auðveldan hátt.


Sérstakur gestur Svar á morgunverðarfundinum er Edda Blumenstein sem vinnur að doktorsrannsóknnum í Omni Channel Retail Strategy við viðskiptaháskólann í Leeds.

Skráning og upplýsingar á [Svar.is/fundur](http://Svar.is/fundur)  
Ókeypis aðgangur

**svaR**

SÍÐUMÚLA 35 - SÍMI 510 6000 - [WWW.SVAR.IS](http://WWW.SVAR.IS)

HOTEL  
NATURA  
3. MAÍ



# Halló, Ísland. Mercedes-Benz fer hringinn.

Við gerum víðreist í maí og bjóðum þér og öðrum landsmönnum að kynnast fjölbreyttum flota fólks- og atvinnubíla Mercedes-Benz. Söluráðgjafar verða á staðnum og bjóða gestum upp á reynsluakstur. Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz verður á eftirtöldum stöðum frá kl. 12–16:

- |   |   |
|---|---|
| 1. maí: Akranes – Bílas bílasala        | 9. maí: Egilsstaðir – Bílaverkstæði Austurlands |
| 2. maí: Grundarfjörður – Við Kjörbúðina | 10. maí: Höfn í Hornafirði – N1                 |
| 3. maí: Sauðárkrókur – Bílaverkstæði KS | 12. maí: Selfoss – Bílasala Selfoss             |
| 5. maí: Akureyri – Höldur bílasala      |   |

## Mercedes-Benz



TEMPUR-DAGAR  
**25% AFSLÁTTUR**  
KOMDU NÚNA!

VEFVERSLUN  
www.betrabak.is  
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

TEMPUR

AÐ SOFA ER EITT – AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ  
**ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR®**  
MEÐ 25% AFSLÆTTI Á TEMPUR-DÖGUM Í BETRA BAKI

**TEMPUR® Hybrid**  
Hönnuð fyrir sneggra viðbragð

**TEMPUR® Contour**  
Hönnuð fyrir meiri stuðning

**TEMPUR® Cloud**  
Hönnuð fyrir meiri mykt

**MicroTech frá Tempur**  
Fyrir þá sem kjósa Tempur® á betra verði

Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval

**TEMPUR**  
heilsukodda

**Betra BAK**

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477  
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100  
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Fréttablaðið með þér í sumar.  
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan SMÁRALIND TÍÐUR  
BONUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó  
NI elis bóka. la. stúden. Háma



Munstrin á jakkanum hans Ara hafa þegar slegið í gegn í Evrópu og Ástralíu, þar sem Eurovision áhuginn er nánast endalaus. Hér er Ari á sinni fyrstu æfingu á stóra sviðinu í Lissabon. MYNDIR/ANDRES PUTTING

# Fötin hans Ara vísa í eldgos og ástríðueldinn

Fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir gerir fötin sem íslenski Eurovision hópurinn klæðist í Lissabon. Jakkin hans Ara hefur þegar vakið mikla athygli en þar eru íslenskar rúnir enda segir hönnuðurinn að Ari sé boðberi jákvæðni. Þetta eru hennar fyrstu herraföt.

Þórunn Clausen sótti fötin upp úr klukkan níu, kvöldið fyrir brottför. Þar voru sérsaumuð föt á Ara, Þórunni, Erlu og Örnunni en strákarnir tveir, Vignir og Gunnar, eru ekki í sésaumuðum fötum, en partur af heildarútfærslunni samt,“ segir fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir en hún saumaði fötin á Ara Ólafsson, Eurovision-fara.

Fötin eru innblásin af íslenskri náttúru þar sem sterkar andstæður mætast eins og eldur og ís. „Ég vildi að Ari myndi skera sig vel úr hópnunum og valdi þess vegna ljós silkisatín jakkaföt á hann á meðan restin af

hópnunum er í dekkri tönnum. Hann er svo í rauðtóna rúllukragabol undir jakkafötunum sem tónar við hinar bakkraddirnar sem klæðast rauðum tönnum sem blandast yfir í svart. Það vísar í eldgos og ástríðueldinn innra með okkur öllum,“ segir Ýr sem fékk mjög stuttan tíma til að gera fötin.

„Það eru um það bil tvær vikur síðan það var staðfest að fá mig í verkið. Þá byrja ég á því að setja niður hugmyndir á blað og við sættumst á útfærslu sem var í raun meira innblásin af norðurljósunum. Það var ekki nægur tími til að panta efni að utan með mínu mynstri út af tímarammanum, svo ég þurfti að endurhugsa hugmyndina út frá

þeim möguleikum sem eru í boði á Íslandi.“

Hún segir að hún hafi viljað að Ari hefði mynstur á jakkanum en það er unnið úr íslenskum rúnatáknum undir áhrifum Art Deco. „Ég setti svo rauða borða umhverfis upp-handleggina á jakkanum til að ýkja aðeins jakkann og er smá saga á bak við það líka, það er að segja, hann er eins konar boðberi jákvæðni og lagið fjallar um val okkar allra til þess að breyta rétt og bæta heiminn. Þannig að mér fannst búningurinn hans mega vera svolítið eins og hann væri foringi frídarboðskaps.“

**benediktboas@365.is**

## Breyttu atriðinu rétt fyrir brottför

Ýr var komin með efnið í hendurnar viku fyrir brottför íslenska hópsins og þurfti því aldeilis að spýta í lófana. „Ég fékk tiltölulega frjálstar hendur við úrvinnsluna á búningunum sem er alveg æðislegt og einmitt þannig sem maður vill fá að vinna, en ég kom auðvitað með margar tillögur sem svo hópurinn samþykkti.


Það var svo þannig að hópurinn breytti atriðinu tveimur dögum áður en farið var til Portúgals, sem varð til þess að fötin sem Vignir og Gunnar voru í pössuðu ekki alveg inn í myndina og þeir þurftu að hlaupa um Smáralindina með Þórunni daginn fyrir brottför og finna sér ný föt sem pössuðu betur inn í heildarmyndina.“

Hún segir það mikinn heiður að fá að hanna föt sem munu sjást í stofum heimsins en þetta eru fyrstu herrafötin sem hún hefur hannað. „Hingað til hef ég bara verið að gera föt á konur fyrir utan gjöf á pabba og kærasta minn, svo þetta var frábært tækifæri fyrir mig til að sanna að ég get gert herraföt líka.“



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgríms Hallgrímsson [elmar@frettabladid.is](mailto:elmar@frettabladid.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðaf Bjarnason [guðaf@frettabladid.is](mailto:guðaf@frettabladid.is), Hjördis Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@frettabladid.is](mailto:sigfus@frettabladid.is), Valdimar Birgisson [valdimar@frettabladid.is](mailto:valdimar@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is), FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Jón Ivar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ólafur H. Hákonarson [olafurh@frettabladid.is](mailto:olafurh@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTI: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is) og Ragnheiður Tryggvadóttir [heida@frettabladid.is](mailto:heida@frettabladid.is) RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Viðar Ingi Pétursson [vip@frettabladid.is](mailto:vip@frettabladid.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is), Guðrún Inga Grétarsdóttir [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)

# Af 312 ódýrustu eldsneytisdælum landsins eru 93% þeirra Orkudælar



Orkan - Ódýrast ... oftast nær



\*míðað við eldsneytisverð á Íslandi klukkan 21.00 1. Maí 2018



## BAKÞANKAR

Bjarna  
Karlssonar



## Hittumst í nóttinni!

Flest þekkjum við hvernig er að liggja andvaka með hugann fullan af áhyggjum og kvíðann kraumandi í skrokknum kl. fjögur að nóttu. Þess vegna halda sjálfsvígsforvarnarsamtökin Pieta sína árvissu styrktargöngu einmitt þarna – kl. fjögur – þegar líkamshitinn er lægstur og hávaðinn oft mestur í höfðinu. Pieta eru samtök þeirra sem eru ekki lengur kvíðin gagnvart kvíðanum og ekki hrædd við að vera hrædd. Við hittumst í nóttinni til að deila reynslu okkar, styrk og vonum og vera samferða á fimm kílómetra langri göngu úr myrkrinu í ljósið. Að þessu sinni er það aðfaranótt laugardagsins 12. maí. Það verður gengið í Laugardalnum í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði og e.t.v. víðar. Sum koma ein og sjálf, svo eru þarna heilu fjölskyldurnar eða vinahóparnir sem mæta og halda jafnvel á innrammadrí mynd af ástvini sem fallið hefur fyrir eigin hendi.

Við hittumst í nóttinni og göngum þar til sólin ris vegna þess að við erum ekki miður okkar yfir því að vera miður okkar heldur tölum um það sem gerðist, tjáum sorg okkar og ótta og tökum núna höndum saman um að leyfa þeirri byltingu að eiga sér stað að fólk í sjálfsvígshugleiðingum geti fengið samtál við traustan fagmann innan 24 stunda frá því hjálparbeiðni berst. Pieta-húsið á Baldursgötu í Reykjavík hefur nú byrjað sína starfsemi svo að 80% landsmanna geti nýtt sér þjónustu þess. Næst er það landsbyggðin og það skal verða fljótt. Sjálfsvígshugsanir eru einmanalegustu hugsanir sem til eru og angistin og vanmátturinn sem ástvinir lifa er ólýsanlegur. Hittumst í nóttinni 12. maí. Göngum í minningu þeirra sem kvöddu og veljum lífið í samstöðu við öll sem núna eru að þjást og glíma. Upplýsingar og skráning á pieta.is.



Opið allan  
sólarringinn  
í öllum verslunum

Iceland

ERTU Í  
LEIT AÐ  
DRAUMA-  
STARFINU?



Finndu þitt starf á  
atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ IS Job.is

# GUINNESS OG GRÆNIR AKRAR

## DUBLIN FRÁ 8.499 KR.\*

Tímabil: júní–ágúst


Dublin er alveg hreint WOWsamleg! Þessi fallega írsku borg íðar af lífi og gleði – og góðum bjór. Í Dublin kemur saman fjölskrúðugt menningarlíf, mögnuð saga, huggulegar smáknæpur og skemmtilegar verslanir svo það er auðvelt að finna eitthvað fyrir alla aldurshópa. Bókaðu ferð á eyjuna grænu strax í dag!



WOW  
air

Það er einfalt og þægilegt að nýta sér stafrænar lausnir Íslandsbanka. Öll helsta bankaþjónusta er innan seilingar í appi eða á vefnum þar sem auðvelt er að fá yfirsýn yfir fjármálin. Vertu þar sem ánægðustu viðskiptavinir í bankaþjónustu á Íslandi eru.

**Náðu í öppin á [islandsbanki.is/app](https://www.islandsbanki.is/app)**



## Kreditkort

Öll kortin þín og aðgerðir á einum stað.

### Með appinu getur þú:

- Séð stöðu korta í rauntíma
- Fryst kort
- Sótt PIN númer
- Skoða stöðu vildarpunkta Icelandair

### Bráðum getur þú líka:

- Hækkað og lækkað heimild
- Dreift kortafærslum og -reikningum
- Virkjað tilboð í Fríðu - fríðindakerfi Íslandsbanka





# Fimmföld ánægja!

Ánægja viðskiptavina skiptir okkur öllu máli. Vertu þar sem ánægðustu viðskiptavinir í bankapjónustu á Íslandi eru – **fimm ár í röð.**

Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru ánægðustu viðskiptavinir á bankamarkaði hjá Íslandsbanka. Við erum stolt af árangrinum, en þetta er fimmta árið í röð sem Íslandsbanki hlýtur þennan titil.

